



Mikilvægt að grjótið fái að halda andlitinu

Það kemur alltaf maður í manns stað

Landnýting kirkjugarða og stefnumótuna

Endurreisn í Krísvík

Þekking og reynsla sótt til Noregs

ORAX Sigtæki

með rafmagnshleðslu



Efni:
hleðslukassi úr áli
rör úr ryðfríu stáli.


Lengd: 225
Færanleg breidd: frá 69 - 94 cm
Þyngd: 38 kg

BIKAB flokkunar- gámar



- Flokkun úrgangs
- Gámurinn er heitgalvanísieraður m/glansáferð
- Tvær einingar f/úrgang úr svörtu polyethylýni
- Lokur úr áli
- Klæðning: dökkgræn

Grafarklæði / graframmi



Þekur hliðar grafarinnar til botns og þekur gröfina allan hringinn. Samanstendur af tveimur löngum plönkum og tveimur t-formuðum endastykkjum.

K-60 Dreifari f / salt & sand



- Rúmmál: 60 lítrar
- Dreifubreidd: 0,6 m
- Þyngd 31 kg
- Fyrir jarðveg, sand og salt.

Lágur þyngdarpunktur og meðfærilegur.
Er einnig nothæft sem venjulegar hjólbörur.

RölTec vatnspóstar



Mobilplant sjálfvökvunar kassar



MobilPlant
til í meðfylgjandi stærðum:
65 x 30 cm ferhyrndur
60 x 40 cm ferhyrndur
40 x 30 cm ferhyrndur
50 x 30 cm rúnnaður

Bentzen As


Solgård Skog 4, 1599 Moss, Norge.

Telefon: +47 69 24 49 40 Telefaks: +47 69 24 49 44

www.bentzenas.no

Þú færð rafmögnuð garðverkfæri hjá okkur

EGO™



PÓR H F

Með þér í meira en 60 ár



Smári Sigurðsson,
formaður KGSÍ.

Ríkisvald á hraða snigilsins

Ágæti lesandi

Blaðið Bautasteinn hefur komið út óslitið frá árinu 1996. Útgáfunni hefur vaxið fiskur um hrygg á þessum 27 árum; hvert blaðið af öðru komið út með vönduðu og áhugaverðu efni. Ýmsir hafa komið að útgáfunni, en ekki er á neinn hallað þótt nafn Guðmundar Rafns, framkvæmdastjóra Kirkjugarðaráðs, sé nefnt. Guðmundur hefur verið í ritnefnd Bautasteins frá upphafi og átt drjúgan þátt í að halda merki þess og áhugaverðum efnistöðum á lofti. Hann hefur lagt því til óteljandi myndir og greinar og haldið til haga sögu kirkjugarða og minningarmarka vítt og breytt um landið. Nú bregður svo við að Guðmundur telur að þetta verði sitt síðasta blað þar sem hann hyggst láta af störfum er liður fram í árið. Við sjáum hins vegar til hvað setur.

Störf stjórnar KGSÍ hafa að venju markast af samskiptum við ríkisvaldið í þeim seinangangi, áhugaleysi og í raun algjöru fálæti fagræðneytisins á málaflöknum. Ár eftir ár óska fulltrúar kirkjugarða eftir áheyrn og viðbrögðum ráðherra og ráðuneytis til að fara sameiginlega yfir stöðu kirkjugarða landsins. Ávallt hefur verið vel tekið á móti fulltrúum kirkjugarðanna en efnidir um úrbætur hafa verið af skornum skammti svo vægt sé til orða tekið. Segja má að aðeins einu sinni á þessum tíma hafi hið opinbera sýnt lit í að rétta hag kirkjugarða, en það var árið 2021 þegar aflétt var þeirri skyldu að greiða prestum laun fyrir sína útfararvinnu. Öll önnur kirkjugarðamál hafa setið á hakanum á borði hins opinbera.

Það stefnir í lokun líkhúsanna

Einhverjir kunna að spyrja: Hvaða situr á hakanum? Af ýmsu er að taka. Lengi hefur verið hvatt til heildarendurskoðunar á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu. Samningur ríkis og kirkjugarða, sem mótar línur um tekjur og rekstur kirkjugarða, er löngu orðinn úreldur og þarfnast endurupp-töku. Samningurinn endurspeglar ekki þann raunveruleika sem rekstur og lögbundin verkefni kirkjugarða búa við. Mál-

efni bálstofu hafa verið til umræðu um langa hrið og boltinn legið hjá stjórnvöldum að ákveða framtíð þeirra mála. Núverandi bálstofa, sem byggð var á fimmta áratug síðustu aldar, er barn síns tíma og þarfnast endurnýjunar. Sú endurnýjun raungerist ekki með þeim fjármunum sem ríkið leggur til reksturs bálstofu. Rekstur tveggja stærstu líkhúsa landsins, sem rekin eru af Kirkjugörðum Akureyrar og Kirkjugörðum Reykjavíkur er og hefur verið í uppnámi frá árinu 2007. Ekki hafa fengist fjármunir til reksturs þeirra eða endurnýjunar og rekstaraðilum ekki gert kleift að skapa rekstrargrundvöll fyrir þessa nauðsynlegu þjónustu. Boltinn hefur verið hjá hinu opinbera frá því umboðsmaður Alþingis benti á að það væri ríkisvaldsins að móta leikreglur og skilgreina hvernig þessari starfsemi ætti að vera fyrir komið. Fram til þessa hafa líkhúsin tvö verið rekin með því rekstrarfé sem í raun á að fara í lögbundin verkefni kirkjugarða, s.s. að hirða garðana og taka grafir. Nú er svo komið að lengra verður ekki gengið í niðurskurði hjá þessum kirkjugörðum. Þeir munu nú einbeita sér í að sinna sínum lögbundu skyldum. Ef fram heldur sem horfir í andvaraleysi stjórnvalda munu þessu tvö mikilvægu líkhús þurfa að hætta starfsemi sinni.

Í hvernig samfélagi viljum við búa?

Það má því velta upp spurningunni, í hvernig samfélagi viljum við búa? Hið opinbera rekur að mestu leyti heilbrigðis-kerfið. Að liflslokum þurfa opinberir aðilar að gefa út dánarvottorð og staðfesta að jarðsetja megi viðkomandi. Þá tekur við annar opinber aðili, kirkjugarðarnir, sem hafa það lögbundna hlutverk að annast greftrun og hirðingu grafarinnar. Frá dánarvottorði til greftrunar vikur hið opinbera sér hins vegar undan því að úrskurða hverjum beri að annast hinn látna eða vista í líkhúsi og hver skuli bera af því kostnað. Fulltrúar fyrrnefndra kirkjugarða hafa verið í samtali við ráðuneytið um þessi mál um margra ára skeið, en svo virðist sem afurðir stjórnsýslunnar komi fram í dagsljósið á hraða snigilsins, eða jafnvel hægar.

Smári Sigurðsson, formaður KGSÍ.

Blóm á grafreiti

Tökum við pöntunum fyrir Hólavallagarð,
Gufuneskirkjugarð, Fossvogskirkjugarð,
Sólland og Kópavogskirkjugarð

Upplýsingar frá kl. 9 - 16 alla virka daga
nema föstudaga frá 9 - 12
í síma 585 2700 og 585 2770



- Bálfararbeiðni
- Skipulag útfarar
- Æviágrip í Legstaðaskrá

www.kirkjugardar.is

Minningarmark Hafsteinsbarna

Frá miðri 19. öld og fram yfir aldamótin 1900 voru minningarmörk úr pottjárnri sett upp í nokkrum kirkjugörðum hér á landi, m.a. í Eyrarkirkjugarði á Ísafirði. Eitt þeirra stendur við suðurhlíð kirkjunnar, en þar hvíla tvö börn Hannesar Hafsteins skálds og fyrsta ráðherra Íslendinga og konu hans Ragnheiður Stefánsdóttir Hafstein. Létust þessi börn úr taugaveiki en hún var skæður sjúkdómur hér á landi um þarsíðustu aldamót. Fyrir nokkru lauk umfangsmiklum lagfæringum á þessu minningarmarki Hafsteinsbarna í Eyrarkirkjugarði.

Taugaveikin geisaði

Taugaveiki var landlægur sjúkdómur á Ísafirði þegar liða tók á 19. öldina og fór vaxandi með aukinni þéttbýlismyndun. Var einkum lélegu neysluvatni kennt um. Um langa hríð var neysluvatn Ísfirðinga tekið úr brunnum í bænum og þóttu þeir óþriflegir og vatnið ekki hæft til manneldis. Veiktust margir og létust úr taugaveiki, einkum þeir sem höfðu neytt vatns úr brunnum neðan kirkjugarðsins. Á þessum tíma var hvorki um vatns- né fráveitu að ræða í bænum og sorpi og skólpi kastað í bakgarða eða í fjörunnar. Þótti því ljóst að ráðast þyrfti í úrbætur.

Fljótlega eftir að Hannes Hafstein gerðist sýslumaður Ísfirðinga árið 1896 fór hann að þrýsta á bæjaryfirvöld um að bæta vatnsmál bæjarins. Bæjarstjórnin þróaðist við og hófst ekki skipulega handa fyrr en eftir mikinn taugaveikifaraldur í bænum aldamótaárið. Í byrjun þess árs, 2. febrúar, hafði elsti sonur sýslumannshjónanna, Sigurður, látist úr taugaveiki aðeins 9 ára gamall. Þetta eflði Hannes til verka og beitti hann sér fyrir því að Landsbankinn veitti Ísafjarðarbæ 10.000 króna lán til að leiða heilnæmara vatn til bæjarins svo fleiri börn á staðnum yrðu ekki taugaveikinni að bráð.

Fyrsta vatnsveita landsins

Hafist var handa við gerð vatnslagnar úr Eyrarhlíð vorið 1900 og lauk verkinu haustið 1901 og urðu Ísfirðingar



Börn Hannesar Hafstein. Kristjana (t.v.) Sigurður, og Ástríður. Sigurður og Kristjana létust bæði af völdum taugaveiki og eru jarðsett í Eyrarkirkjugarði á Ísafirði. Myndin er tekin árið 1898.

fyrstir til að koma sér upp vatnsveitu í þéttbýli á Íslandi. Í kjölfarið fóru fleiri bæir á landinu að leiða heilnæmt vatn inn á heimili sín. Árið 1903 var vatnsveita tekin í notkun á Seyðisfirði, 1904 í Hafnarfirði, 1909 í Reykjavík og 1912 á Sauðárkróki.



Í minningu látinna

Vefurinn gardur.is veitir á aðgengilegan hátt upplýsingar um legstaði látins fólks á Íslandi. Þar er hægt að fletta upp hvar í kirkjugarði látnir ástvinir hvíla, ásamt fæðingar- og dánardægri. Þessi þjónusta hefur fengið mjög jákvæðar undirtektir og fljótlega komu fram óskir um að aðstandendur geti fengið birtar ítarlegri upplýsingar í minningu viðkomandi einstaklinga.

Til móts við óskir um ítarlegri minningu látins einstaklings

Aðstandendur geta nú, gegn greiðslu, fengið birt efni um látinn ástvin á gardur.is. Upplýsingarnar geta t.d. verið stutt æviágrip, helstu skyldmenni, samferðafólk og myndir.

Hvernig er hægt að fá efnið birt?

Það er auðvelt. Hægt er að óska eftir birtingu í síma 585-2700 og meðfylgjandi ævidrög og mynd, sem eru úr minningargrein Morgunblaðsins, verða birt á legstaðaskránni gardur.is undir nafni hins látna og verða þar um alla framtíð.


www.gardur.is

Vefurinn gardur.is

er í umsjón og eigu Kirkjugarðasambands Íslands. Hann byggir á samvirku gagnasafni og inniheldur leyfilegar upplýsingar um látna einstaklinga og legstað þeirra í kirkjugörðum á Íslandi. Einnig eru þar upplýsingar um kirkjugarða með kortum, texta, myndum og teikningum.

Helstu styrktaraðilar gardur.is eru Alþingi og Kirkjugarðasjóður

Ítarlegri upplýsingar má fá í síma 585 2700 eða á gardur.is



Minningarmörk hjónanna Ragnheiðar og Hannesar Hafstein í Hólavallagarði. Tvær brotnar súlur úr svörtum marmara og á sökklí lágmyndir Einars Jónssonar myndhöggvara. Fagaður glæsibragur yfir öllu.



Leiði Hafsteinsbarna fyrir viðgerðir. Pottjárnsumgjörð brotin og steipt undirstaða farin var að skekkjast og springa. Myndin er tekin 1. júlí 2021.

Þrátt fyrir þessar framfarir í vatnsveitumálum Ísfirðinga tókst ekki að uppræta taugaveikina fullkomlega og áfram gætti smita í bænum. Um það leyti sem Hannes Hafstein var að taka við embætti Íslandsráðherra eða 27. janúar 1904 lést Kristjana, elsta dóttir hans af taugaveiki eftir skammvinn veikindi. Hún og bróðir hennar Sigurður hvíla saman í Eyrarkirkjugarði eins og áður segir.



Að lokinni uppsetningu á pottjárnsumgjörð um leiði Sigurðar og Kristjönu Hafstein. Myndin er tekin 13. september 2023.

Fögur umgjörð í garði

Eins og nærri má geta var minningarmark þeirra Sigurðar og Kristjönu illa farið þegar líða tók á annað áhrundaðið frá láti þeirra og jarðsetningu. Þótti mikilvægt að varðveita þessi pottjárnsgærði enda þau friðuð samkvæmt minjalögum. Einnig var steipt undirstaða grindanna orðin löskuð og brýnna lagfæringa þörf. Að því kom sumarið 2021 að hefjast handa og hafði Kirkjugarðaráð umsjón með verkinu í nánú samráði við heimamenn. Voru þeir



Karl Þórir í bílskúrnum sínum. Búinn að taka sundur grindurnar, sandblása og grunna. Bæta þurfti grindur og steypa nýja hornstólpa úr pottjárni.

Karl Þórir Jónasson og Halldór Kristinn Pedersen, fyrrum starfsmenn Kirkjugarða Reykjavíkur ráðnir til starfans en þeir búa yfir mikilli þekkingu í tengslum við lagfæringar á pottjárnsumgjörðum í Hólavallakirkjugarði í Reykjavík.

Haldið var til Ísafjarðar 1. júlí 2021 og umgjörðin tekin niður og flutt í bílskúr til Karls Þóris á Álftanesi, þar sem lagfæringar stóðu yfir frá hausti 2021 fram á vordaga

2022. Voru pottjárnsgrindurnar sandblásnar og málaðar en einnig þurfti að steypa nýjar grindur og staura sem vantaði í umgjörðina. Reyndust lagfæringar umfangsmeiri en upphaflega var áætlað. Mest er þó um vert að nú setur leiði Hafsteinsbarna fallegan svip á Eyrarkirkjugarð og heldur á lofti minningu Sigurðar og Kristjónu Hafstein sem létust úr taugasjúkdómnum skæða sem felldi svo marga langt fyrir aldur fram á fyrri tíð.

Stokkhólmur

Næsta ráðstefna NFFK haustið 2025

Ekki er ráð nema í tíma sé tekið og því rétt að minna á næstu ráðstefnu NFFK, hins norræna sambands kirkjugarða og bálstofa, sem efnt verður til í Stokkhólmi dagana 17.-19. september 2025.

Kirkjugarðasambandið er aðili að þessum samtökum og verður á ráðstefnunni fjallað um ýmis málafni kirkjugarða. Þess má geta að ráðstefnur NFFK eru haldnar á fjögurra ára fresti í aðildarlöndunum og árið 2029 verður röðin komin að Íslandi.

Nánari upplýsingar um ráðstefnuna í Stokkhólmi verða smám saman birtar á vefsíðu NFFK, nffk.eu/aktiviteter



Ingvar Stefánsson skrifar

Landnýting kirkjugarða og stefnumótun

Á síðasta ári hófu Kirkjugarðar Reykjavíkur vinnu við stefnumótun. Vonandi gefst tækifæri síðar til að fjalla nánar um þá vinnu. Mikil tækifæri felast í starfsemi kirkjugarða. Í dag hafa garðarnir þróast meira í almenningsgarða, það á jafnt við hér á landi sem erlendis. Mikilvægt er að garðarnir séu reknir í sátt við umhverfið og þróist í takti við breytta tíma, en þó þannig að upphaflegur tilgangur þeirra sé mikilvægur þáttur.

Landnýting skiptir máli

Eitt af þeim atriðum sem komu fram í stefnumótunarvinnunni er landnýting. Eftir því sem okkur Íslendingum fjölga sem og fólki í heiminum þá er óumflýjanlegt að látnum mun líka fjölga. Ein stór áskorun við þessa hringrás lífsins er að þegar við deyjum þá þurfum við pláss undir jarðneskar leifar okkar.


Á Íslandi höfum við lengst af jarðað látið fólk í kistu í kirkjugörðum sem eru fjölmargir víða um land. Grafarstæði fyrir líklistu skal samkvæmt lögum vera 2,5 *1,2



Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri Kirkjugarða Reykjavíkur.


metrar sem samtals er 3 fermetrar. Hjá Kirkjugörðum Reykjavíkur hefur þessi þróun leitt til þess að hinir grónu garðar, Hólavallagarður og Fossvogskirkjugarður, rúma ekki fleiri. Eftir því sem við áttum okkur betur á því hversu landrými er verðmætt og í raun takmarkað er mikilvægt að huga að því að kirkjugarðar séu nýttir á sem hagkvæmasta máta.

Á undanförunum árum höfum við séð verulega aukningu í að fólk kjósi að brenna jarðneskar leifar sínar og ættingja sinna. Grafarstæði duftkera eru mun minni eða 0,75*0,75 sem jafngildir rúmunum hálfum fermetra. Það má því sjá að



Gata - núverandi

Á döfinni er að bjóða upp á sérstaka duftgrafreiti í Kópavogsgarði sem eru fráðbrugðnir því sem tíðkast hefur á undanförunum áratugum.



Jarðneskar leifar, sem eru brenndar, má setja í eldri kistugröf ef fyrir liggur samþykki nánustu aðstandenda. Þannig má stórbæta nýtni eldri kirkjugarða.



Eina bálstofa landsins hefur verið til húsa í Fossvogskirkjugarði allt frá árinu 1948.

með því að fleiri kjósi að brenna jarðneskar leifar sínar og ættingja má spara mikið landrými. Á árunum 2021-2023 voru teknar 3655 greftrarnir hjá Kirkjugörðum Reykjavíkur. Af þessum fjölda voru 58% greftrana í duftkerum en 42% í líkkistum.

Fjölskyldugrafreitir með tengsl við nútímann

Jarðneskar leifar sem eru brenndar má einnig setja í eldri kistugröf ef fyrir liggur samþykki nánustu aðstandenda. Þar sem duftker brotna hratt niður er hægt að koma allt að 7-10 kerjum til viðbótar ofan í eldri kistugröf. Þannig má stórbæta nýtni eldri kirkjugarða og um leið tryggja að þeir eigi erindi við samtímann en verði ekki einvörðungu grafreitir úr fortíð. Eins geta fjölskyldur útbúið fjölskyldugrafreiti með slíkur fyrirkomulagi. Þannig hafa Hólavallagarður og Fossvogskirkjugarður fengið nýtt líf þar sem fjölmargir hafa jarðsett duftker í eldri grafir.

Á döfinni er einnig að bjóða upp á sérstaka duftgrafreiti í Kópavogsgarði sem eru fráðbrugðnir því sem tíðkast hefur

á undanförunum áratugum. Reitirnir verða misstórir og hringlaga og eingöngu merktir með nafni hins látna og svokölluðum QR-kóða. Það komast frá 8 og upp í 50 ker í hvern hring. Með QR-kóða tækninni gefst möguleiki á að setja inn frekari upplýsingar um hinn látna, æviskeið og t.d. minningargreinar ef aðstandendur kjósa. Þannig er hægt að útbúa fjölskyldugrafreiti eða grafreiti fyrir ákveðna hópa í hverjum hring. Í alla reiti er gert ráð fyrir að gróðursett verði tré með fyrsta duftkerinu. Reitirnir verða með grasi á yfirborði og á milli þeirra gras eða mól. Með næstu greftrunum mætti gróðursetja t.d. vorlauka sem þola garðslátt, s.s. krókusa, lágvaxna túlipana og páskaliljur.

Það sem kom okkur á óvart, sem voru að vinna að þessu, er að nýting garðins verður mun betri en með hefðbundnum hætti. Sá reitur sem var áður skipulagður rúmaði 688 ker en með breyttu skipulagi rúmast um 876 ker.

Ein líkbrennsla

Á Íslandi hafa Kirkjugarðar Reykjavíkur rekið einu bálstofu landsins frá árinu 1948 í Fossvoginum. Bálstofan hefur á undanförunum árum verið endurnýjuð og afkastageta hennar aukin. Sökum fólksfæðar hér á landi hafa ekki verið rekstrarforsendur fyrir fleiri bálstofur. Af þeim sökum, að mestu leyti, eru bálfarir mun fátíðari á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu.

Þessu viljum við hjá Kirkjugörðum Reykjavíkur breyta. Við viljum að skoðað verði hvort hið opinbera geti ekki komið að stuðningi við kostnað á flutningi jarðneskra leifa til brennslu. Að brennslu lokinni er flutningur mun umfangsminni þar sem jarðneskar leifar rúmast í dufteri. Þannig væri hægt að bjóða öllum landsmönnum upp á þennan kost til viðbótar við hefðbunda jarðsetningu með kistu. Einnig yrði tryggð betri nýting á kirkjugörðum í þorpum og bæjum um allt land.

Mikilvægt að grjótið fái að halda andlitinu

Spjallað við Ara Óskar Jóhannesson, hleðslumann til 35 ára

Á stæðan fyrir því að ég leiddist út í þennan hleðslubrása var sú að eitt sumarið, líklega árið 1989, vann ég með karli föður mínum á Hólum í Hjaltdal og Ökrum í Blönduhlíð en hann vann talsvert fyrir Þjóðminjasafnið á þessum tíma að viðhaldi gamalla húsa

og annarra mannvirkja, m.a. á Hólum, Grenjaðarstað og í Glaumbæ í Skagafirði. Þetta sumar á Hólum vann ég við að endurbyggja tréverkið í gamla bænum á Hólum og greip aðeins í að hjálpa þabba við hleðslur á milli. Þar komst ég á bragðið og hef unnið við þetta næstum óslitið síðan. Ég



Ari Óskar Jóhannesson hleðslumaður á að baki 35 ára samfellt starf við endurbætur kirkjugarða. Hér er hann fyrir nokkrum árum við vinnu á Hofi í Örafum.



Grétar Jónsson upp á Fljótsdalsheiði í júní 2012 með hellu í kirkjugarðinn á Eiríksstöðum á Jökuldal.

gerist nú gamall og slitinn því þetta hefur ekki beinlínis verið létt skrifstofuvinna. Ætli maður láti ekki þetta sumar verða það síðasta í hleðslunum og eftirláti þeim yngri að taka við keflinu.“

Verkþekkingin í arf

Þetta segir Ari Óskar Jóhannesson hleðslumaður í spjalli við Bautastein en hann hefur komið að viðhaldsverkefnum í um 70 kirkjugörðum fyrir Kirkjugarðaráð auk fjölda annarra verkefna. Í um helmingi tilfella hefur verið um grjóthleðslur, stórar og smáar, að ræða. Ari er sonur hins kunna hleðslumanns Jóhannesar Arasonar frá Múla í Kollafirði (1913-2009) en hann var lengi bóndi og lagði þessa fornu iðn fyrir sig eftir að hann brá búi en hann þótti jafnvigur á torf og grjót.

Hleðslur umhverfis kirkjugarðana eru oftast eingöngu úr grjóti. Við sækjum efnið í hleðslurnar í næsta nágrenni enda fátt algengara í okkar ágæta landi en urð og grjót.

„Já, ég lærði mest af pabba og starfaði með honum að hluta í tvö til þrjú ár og um svipað leyti aðeins með Sveini Einarsyni frá Hrjót í Hjaltastaðabínghá. Ég reyndi eftir föngum að nema af þessum gömlu snillingum og grúska einnig í heimildum um þetta. Svo sér maður oft nokkuð glöggst hvernig gamlir garðar voru settir saman þegar maður er að róta í moldinni og endurgera hleðslur. Ég er húsasmiður í grunninn og reynslan af timburverkinu hefur komið mér til góða, sérstaklega í girðingum og viðhaldi húsa.“

Gamlar hefðir í fyrirrúmi

Ari segir að í hleðslunum hafi hann alltaf stuðst við gömlu hefðirnar og forna verkþekkingu sem fyrir ekki svo mörgum árum hafi nánast verið horfin í landinu. „Ég hef vanið mig á að nota augað til að taka stefnuna en pabbi sagði alltaf að ef augað sviki ætti maður hætta þessu. Ég hef vonandi lagt nokkuð til þess að varðveita þessa þekkingu því með mér hafa nokkrir frábærir hleðslumenn unnið og þrír eru fyrir löngu fullnuma en það eru þeir Unnsteinn Eliasson úr Borgarfirði, Jónas Fjalar Kristjánsson úr Breiðdal og Grétar Jónsson frá Vopnafirði. Þá er Ólafur Sigurðsson af Vatnsleysuströndinni kominn langt á veg. Þeir starfa allir við þetta í dag að miklu eða einhverju leyti og munu vonandi halda þekkingunni við og koma henni áfram til komandi kynslóða enda allir afbragðs fagmenn. Einnig vil ég geta sonar míns, Kristins Freys sem vann með mér í mörg sumur og var búinn að ná góðum tókum á hleðslunni og öðru sem við fengumst við, en hann lést af slysförum 7. janúar 2010. Þá má einnig minnst á Kristínu Auði Keldal Elíasdóttur, Ásgrím Ásmundsson, Snorra Ingason, Steinunni dóttur mína, Svein Þórólfsson, Guðjón Dalkvist Gunnarsson og tengdadóttur mína, Sigríði Jóhannsdóttur en þau unnu með mér mismikið.“

Ari segir okkur frá fyrsta stóra hleðsluverkefninu sem hann tók að sér að öllu leyti og bar ábyrgð á. „Það var árið 1993 sem ég vann að hleðsluverkefni í Selskógi við Egilsstaði fyrir Filip Vogler. Þá var jafnframt verið að undirbúa 100 ára kaupstaðarafmæli Seyðisfjarðar og hafði Sveinn frá Hrjót verið ráðinn í að gera þar hleðslur o.fl. Blessaður karlinn veiktist skyndilega og lést eftir skamma legu. Þá hafði Þóra Guðmundsdóttir frétt af þessari vinnu okkar



Afar glæsilegur grjótgarður um kirkjugarðinn í Vatnsfirði en hann er annar tveggja hringlaga kirkjugarða á landinu.

fyrir Vogler og bað mig að taka við verkefninu á Seyðisfirði sem ég vann að sumrin 1994 og 1995. Það má því segja að Sveinn frá Hrótt hafi verið stór orlagavaldur í lífi mínu. Síðan hef ég farið næstum árlega á Austfirði og víða um Austurland í ýmis verkefni og kynnst þar afbragðs fólki fólki og séð fallega staði.“

Látum þá halda andlitinu

Ari segir að verkefnin fyrir Kirkjugarðaráð undanfarna áratugi hafi auðvitað verið miserfið og misáhugaverð og hvert með sínum brag. „Fjöldi kirkjugarðanna er orðinn allnokkur en það segir í sjálfu sér ekki margt út af fyrir sig. Í sumum þeirra hefur verið um smáverkefni í viðhaldi að ræða og þá höfum við ekki verið lengi að á hverjum stað. Í stærri verkefnum höfum við tekið viðkomandi garða til gagnberra endurbóta og oftast hefur orðið að ráði að hlaða grjótgarða enda falla þeir að flestra mati mun betur að náttúrunni en timbur- eða járngrjótingar og þarfnast þar að auki mun minna viðhalds þegar árin líða. Slikt handverk er auðvitað dýrara í byrjun en Kirkjugarðaráð, í samstarfi við kirkjugarðsstjórnir víða um land, hefur sýnt mikinn metnað og staðið fyrir fjölmörgum hleðslum sem lengi munu standa. Það er virðingarvert.“

Eins og fram hefur komið er sérgrein Ara grjóthleðslan og við spyrjum hann hvort þetta sé ekki mikil erfiðisvinna og um mikla aðdrætti efnis að ræða. „Þetta hefur mest verið fólgið í hleðslu hreinna grjótgarða en einnig garða úr bæði torfi og grjóti. Við sækjum oftast efnið í hleðslurnar í næsta nágrenni enda fátt algengara í okkar ágæta landi en urð og grjót. Forfeður okkar, sem byggðu þetta land, notuðu efni

af staðnum eða úr næsta nágrenni en sóttu það ekki langar leiðir og má segja að hver landshluti hafi þróað sína sérstöku byggingarhefð út frá því efni sem var til staðar hverju sinni. Stundum þarf að sækja grjótið lengra að en mun auðveldara er að ná í torfið í strenginn þegar hann er annars vegar. Grjótið reynum við að höggva sem minnst til þótt stundum verði að snikka af því mestu agnúana. Listamaðurinn Páll á Húsafelli, sagði við mig er við vorum að hlaða á Húsafelli „Ari. Ég er ánægður með það hjá ykkur að þið látið steinana halda andlitinu.“ Ég hef ávallt reynt að gera það,“ segir Ari sposkur á svip.

Unnið í kapp við tímann

Hleðslur umhverfis kirkjugarðana eru oftast eingöngu úr grjóti en einnig úr torfi og grjóti og svo eingöngu úr torfi, en það er mun sjaldgæfara. Eitt fyrsta verkefni Ara voru viðamiklar endurbætur í Skeggjastaðakirkjugarði í Bakkafirði í tilefni 150 ára kirkjunnar sem haldið var upp á árið 1995.

„Þetta var skemmtilegt verkefni en við Unnsteinn Eliasson og dóttir mín Steinunn unnum að þessu undir stjórn Guðmundar Rafns og samkvæmt hans hönnunargögnum. Hlóðum við grjótvegg um þrjár hliðar garðsins og leysti hann af hólmi gamla og fúna timburgirðingu sem var að lotum komin. Síðan var reist ný trérimlagirðing um fjórðu hliðina. Þá var lögð stétt úr náttúruhellum frá sáluhliði að kirkju og bilastæði lagfært og stækkað. Við nutum góðrar aðstoðar heimamanna sem lögðu á sig mikla vinnu til að unnt væri að ljúka verkinu fyrir afmælishátíðina. Þá var sannarlega unnið í kappi við tímann.“ Af öðrum stöðum



Hleðslan um kirkjugarðinn á Skeggjastöðum í Bakkafirði var unnin í mikilli tímapressu.



Nostrað hefur verið við stéttina á Hvammi í Dölum.

sem Ari á heiðurinn af hreinum grjótveggjum við kirkjugarða má nefna Hof í Vopnafirði, Heydali, Keldur á Rangárvöllum, Stað í Grindavík, Borg á Mýrum, Hvamm í Norðurárdal, Skarð á Skarðsströnd og Vatnsfjörð við Ísafjarðardjúp en þar er annar tveggja hringlaga kirkjugarða landsins.

„Við Unnsteinn komum í fyrsta sinn að Keldum á Rangárvöllum vorið 1997 en þá höfðum við tekið að okkur að endurhlaða þar traðir sem höfðu verið síðast endurbættar við lok 19. aldar en voru nú nánast alveg horfnar og uppgrónar. Notuðum við litla gröfu til að moka ofan af grjótinu og sáum fljótt að hleðslan var nokkuð heilleg á löngum kafla við austurendann. Við reyndum eins og hægt var að líkja eftir gömlu hleðslunni og settum í nýju hleðsluna fjögur grjótölög með tvöföldum streng á milli og brik efst. Notuðum við auðvitað það grjót sem var hendi næst og sama gilti um strenginn.“ Ari segir okkur að grjótið sem hann noti í garðana sé valið út frá lögun þess þannig að gott sé að hlaða það í garða. Mikið sé notað af hraungrjóti og svo sprengigrjóti sem sé nú það besta. Hann segist forðast að týna til yfirborðsgrjót því það sé yfirleitt ekki end-ingott enda búið að þola mikla veðrun.

Annars konar verkefni

Einnig hafa Ari Óskar Jóhannesson og hans menn reist nýja eða endurgert garða úr grjóti með streng á milli (torf)



Hér má sjá einhlaðinn torfgarð úr sniddu um kirkjugarðinn í Sauðlauksdal. Ofan á honum er netgirðing eins og Ari hefur sett upp víða um land.

við m.a. kirkjugarðana á Stöð við Stöðvarfjörð, á Hofi í Örnæfum, á Kaldaðarnesi í Flóa, í Krýsuvík, Lundi í Lundarreykjadal, á Húsafelli, á Sauðafelli, í Dölum og í Gufudal í Reykhólasveit. Garðar, sem eingöngu hafa verið hlaðnir úr torfi, eru ekki margir enda þarfnast þeir meira viðhalds og eru yfirleitt ekki eins endingargóðir og hinir garðarnir. Slikir torfgarðar, sem Ari hefur hlaðið, eru þó við kirkjugarðana á Stað við Reykhóla, á Stóra-Vatnshorni, á Staðarhóli í Saurbæ í Dalasýslu og svo í Sauðlauksdal.

Ari hefur líka víða unnið við að setja upp annars konar girðingar umhverfis kirkjugarða og þá aðallega netgirðingar á staura sem steypdir eru ofan í jarðveginn. „Ein sérstæðasta girðingin sem við settum upp er við Hrepphóla-kirkju en þar er nú trérimlagirðing sem fest er á volduga stuðlabergsstöpla en það má segja að sé einkennisgrjótið í nágrenni staðarins. Að minnsta kosti stöplarnir eiga lengi eftir að standa, svo mikið veit ég. Ég held að hún sé sú eina sinnar tegundar á landinu.“

Þótt vinnan í kringum kirkjugarðana hafi flest undanfarin sumur verið uppistaðan í verkefnum Ara og félaga hefur hann fengist við ýmislegt fleira og m.a. unnið að grjóthleðslum fyrir einstaklinga og opinbera aðila, t.d. vörður og fleira í Grindavík sem vel hafa staðist jarðhræringarnar undanfarin ár. „Í fyrria lukum við t.d. endurgerð gömlu Ólafsvíkurréttar en það verkefni var unnið að tilhlutan Guðrúnar Tryggvadóttur í Ólafsvík. Við byrjuðum á þessu fyrir allmörgum árum eftir að minjavörður hafði mælt allt upp og merkt út hleðslurnar. Þetta var fjárrétt og heimildir til um hana frá 19. öld en hún var lögð af á árunum fyrir 1960. Þessi rétt samanstendur af um 20 dílkum og var hún alveg orðin uppgróin þegar við hófumst handa en er nú staðarþrýði og hluti af tjald- og útivistarsvæði Ólafsvík-



Fallegar traðir að sáluhliði að kirkjugarðinum á Hofi í Vopnafirði.

inga. Erfitt og krefjandi verkefni og mikil áskorun, eða eins og ég sagði við þá sem unnum með mér í þessu verki: „Hér reynir á alla okkar hæfileika og reynslu.“

Það er víða til skemmtilegt fólk

Eðli málsins samkvæmt eru kirkjugarðaverkefni sem Ari Jóhannesson hefur komið að fyrst og fremst sumarvinna og þau hafa útheimt langar fjarvistir frá heimilum hleðslumanna. Hann segir að sýna verði mikla útsjónarsemi varðandi efni og verkfæri, sérstaklega þegar unnið er á afskekktum stöðum og ógerlegt að skreppa út í búð eftir




Fyrir um áratug hlóð Ari Óskar garð í streng við kirkjugarðinn í Gufudal í Reykhólasveit.


því sem vantar. Hann nefnir Stað í Grunnavík og Skála á Langanesi sem afskekktustu staðina.

„Svona verkefnum væri ógerlegt að sinna ef við nytum ekki gæsku heimamanna. Þegar veittir eru styrkir til lagfæringa í kirkjugörðum verða sóknirnar að leggja eitthvað á móti og oftast er það fólgid í mat og uppihaldi á einhverjum bæjum í nágrenni verkefnanna. Þar hefur maður kynnst mörgu gæðafólki og samskiptin við það hafa verið

gefandi og skemmtileg. Satt að segja á ég orðið ógrynni vina út um allt land og það yljari manni um hjartaræturnar þegar horft er til baka. Meðal skemmtilegra karaktera má t.d. nefna séra Baldur í Vatnsfirði en hann var eiginlega þjóðsagnapersóna í lifanda lífi. Af honum kann ég margar sögur og sumar ekki prenthæfar. Þá var Daníel á Dröngum ekki síður eftirminnilegur svo ég nefni tvo vini mína. Já, það er víða til skemmtilegt fólk,“ segir Ari Óskar Jóhannesson að síðustu.



Á Hrepphólum er að finna trégirðingu á milli völdugra stuðlabergsstöpla. Hún er sennilega sú eina sinnar tegundar á landinu.



Aðeins hluti stórra drauma þeirra Gunnars og Högers á Skriðuklaustri urðu að veruleika. Griphúsin beggja vegna aðalbyggingarinnar risu aldrei.

Valpór Hlöðversson skrifar

Hús skáldsins á Skriðuklaustri

Stórhýsið sem Gunnar Gunnarsson reisti á Skriðuklaustri er ein af merkilegri byggingum á Íslandi og alveg einstök hvað arkitektúrinn varðar. Húsið var teiknað af síðar heimsfrægum þýskum arkitekt sem setti mikinn svip á þýskan arkitektúr eftirstríðsáranna með múrsteinsháhýsum sínum. Sá hét Fritz Höger en hann lést árið 1949. Hann hefur á síðustu áratugum öðlast meiri viðurkenningu en í lifanda lífi og er í dag nefndur í öllum yfirlitsritum yfir merkustu arkitekta álfunnar á 20. öld.

„Rekka dregur...“

Gunnar Gunnarsson rithöfundur var sem kunnugt er fæddur á Valbjófsstað í Fljótssdal árið 1889 og fór ungur út í hinn stóra heim, staðráðinn í að verða viðurkenndur rithöfundur. Það tókst þessum unga pilti og þegar hann stóð

á fimmtugu, eftir þrjátíu ára dvöl í Danmörku, var hann orðinn vel efnaður og virt skáld um alla Evrópu.

Þegar hér var komið sögu voru runnir upp válegir tímar í Evrópu. Þá tók Gunnar þá ákvörðun að flytjast heim til Íslands með fjölskyldu sína og ekki bara það heldur láta gamlan draum rætast um að gerast bóndi í íslenskri sveit. Hugurinn hvarflaði til æskustöðvanna í Fljótssdalinn og keypti hann jörðina Skriðuklaustur sem þá var í ábúð. Skáldið var stórhuga og fékk hann arkitektinn Fritz Höger, gamlan vin þeirra hjóna, til að útfæra stórbrotnar hugmyndir sínar um herragarð á Skriðuklaustri. Vorið 1939 lágu teikningar að herragarðinum fyrir og gerðu þær ráð fyrir reisulegu tvílyftu íbúðarhúsi úr múrsteini með torfklæddri þekju. Þá voru og mótaðar tillögur að óvenju

stórum gripahúsum auk annarra bygginga beggja vegna herragarðsins er áttu að vera einlyftar í sama stíl.

Övenjuleg húsakynni

Sumarið 1939 reis á Skriðuklaustri hús sem að formi og stærð var af allt annarri gerð en landsmenn höfðu áður augum litið. Frá sumarbyrjun og fram á haust voru að jafnaði 20-30 manns að störfum auk matráðskvemma og vika-pilta en gera má ráð fyrir að hátt í hundrað manns hafi komið að verkinu. Húsið varð fokhelt um haustið og gat fjölskyldan flutt inn í það í árslok stríðsársins fyrsta.


Vegna lítillar verkkunnáttu og skorts á hentugu byggingarefni var horfið frá því að hlaða húsið eins og arkitektinn hafði gert ráð fyrir en þess í stað voru útveggirnir steyptir, tvöfaldir með torfeinangrun á milli. Í steinsteypuna að utanverðu voru múraðir blágrýtishnullungar úr Bessa-staðaá svo þeir minna á grjóthleðslu. Múrinn á milli steinanna var svo málaðar hvítur.

Íbúðarhúsið á Skriðuklaustri er 325 m² að grunnfleti, tvær hæðir og ris og í því voru hvorki fleiri né færri en 30 vistarverur. Í húsinu var frá upphafi sérstök íbúð með sérinngangi sem nú er gististaður fyrir lista- og fræðimenn. Bygging hússins var risavaxið verkefni á sínum tíma og hafa fróðir menn áætlað að byggingarkostnaður hafi verið á við tíu einbýlishús í Reykjavík í dag. Gefur það nokkra innsýn í efnahag Gunnars sem hafði um áratugi verið met-söluhöfundur ytra, einkum í Danmörku og Þýskalandi.

Endasleppur búskapur

Samkvæmt tillögu Högers var þekja hússins úr torfi en torfið reyndist of þungt fyrir burðarviði hússins sem á næstu árum svignuðu undan þunganum. Árið 1957 var sett járnþak á Skriðuklaustur og var þá byggingin svipt ljóma sínum um hríð. Árið 1989, fyrir aldarafmæli Gunnars Gunnarssonar, var þakið á Skriðuklausturshúsi svo fært til fyrra horfs. Þar með fékk húsið sinn endanlega svip eins og arkitektinn hafði séð það fyrir sér á teikniborðinu.

Súlnagöngin austan við húsið voru ekki byggð fyrr en um 1977. Þau voru hlaðin úr völdu grjóti, sem límt var saman með steypu, og eru því nær hinni upphaflegu áætlun Högers. Sveinn Einarsson hleðslumaður á Egilsstöðum sá um það verk. Af annarri uppbyggingu varð því miður ekki. Heimsstyrjöld var gengin í garð og veltiár af hennar völdum hér á landi sogaði til sín vinnuafli úr sveitum svo Gunnari gekk æ verr að fá fólk til vinnu við búskapinn auk þess sem erfitt var að koma afurðum á markað sakir samgönguleysis. Því varð úr að Gunnar og Franzisca ákváðu að bregða búi haustið 1948 og flytja til Reykjavíkur. Þau gáfu íslenska ríkinu jörðina með öllum húsakosti og skyldi Skriðuklaustur „hagnýtt á þann hátt, að til menningarauka horfi, t.d. að rekin sé þar tilraunastarfsemi í landbúnaði, byggðasafn, bókasafn, skjalasafn, listasafn, skóli, sjúkrahús, hressingarhæli, barnahæli eða elliheimili,“ eins og segir í gjafabréfinu. Á árunum 1949-1990 var starfrækt tilraunastöð í landbúnaði á Skriðuklaustri en frá síðustu



Pekktasta bygging Högers er sennilega Chile-Haus í Hamburg en það er á menningarminjaskrá UNESCO.

aldamótum hefur Stofnun Gunnars Gunnarssonar rekið þar þróttmikið menningar- og fræðasetur.

Sjálfmenntaður arkitekt

Johann Friedrich Höger fæddist árið 1877 í Bekenreihe, Schleswig-Holstein, skammt frá Hamburg. Hann var elstur sjö systkina og var faðir hans smiður. Hann var settur til mennta í smíðum og múrverki samkvæmt hefðum í fjölskyldunni en hóf snemma að starfa á arkitektastofu við útfærslu á teikningum arkitekta og þar kviknaði áhugi hans á húsagerðarlist. Höger naut aldrei akademískar menntunar en varð sjálfmenntaður arkitekt og rak eigin teiknistofu í Hamburg frá 1907.

Höger teiknaði fjölmargar byggingar, framan af íbúðarhúsum af ýmsu tagi en síðar stórhýsi á við kirkjur, skrifstofubyggingar og ráðhús. Pekktasta bygging Högers er sennilega

Chile-Haus í Hamborg, sem hann teiknaði fyrir kaupþýslumanninn Henry B. Sloman. Þetta hús, sem nú er komið á menningarminjaskrá UNESCO, er um 10.000 fermetra skrifstofubygging, byggð á árunum 1922-1924. Fleiri þekkt stórhýsi Högers frá því fyrir stríð eru byggingar eins og Hohenzollernplatz kirkjuna í Berlín frá 1926 og ráðhús í Wilhelmshaven frá árinu 1929. Sum húsa Högers urðu loftárásur bandamanna að bráð í hildarleik seinni styrjaldarinnar.

Fritz Höger átti sér þann draum að verða einn helsti arkitekt Adolfs Hitlers en af því varð aldrei. Þann sess hlaut hins vegar Albert Speer, maðurinn sem útfærði stórkarlega framtíðarsýn foringjans um höfuðborgina Germaníu í þúsundarárikinu með 315 m hátt hvolfþak Frægðarhallarinnar. Þeir draumar rættust aldrei heldur dóu þeir í líki pappamódelna og gífsafsteypa. Í dag er Fritz Höger hins vegar viðurkenndur sem einn áhrifamesti arkitekt Evrópu á 20. öld. Árið 2008 var t.d. stofnað til Fritz Höger verðlaunanna en þau eru veitt hönnuðum bygginga þar sem tígulsteinninn er í fyrrúmi; byggingarefnið sem einkenndi byggingar Högers öðru fremur.


Hér á Íslandi stendur stórfenglegt hús í íslenskri sveit sem mun um langa framtíð halda nafni Fritz Högers og Gunnars Gunnarssonar á lofti.



Höger var sjálfmenntaður arkitekt og virkur í nasistaflokknum á sinni tíð. Hann náði þó aldrei hylli foringjans – eftir á að hyggja sem betur fer.



Ráðhúsið í Wilhelmshaven frá árinu 1929. Það ber arkitektúr Högers gott vitni.



Húsið á Skriðuklaustri í teikningu Fritz Högers. Fagurt er framandlegt í íslenski sveit.



Íbúðarhúsið á Skriðuklaustri er 325 m² að grunnfleti, tvær hæðir og ris og í því voru upphaflega hvorki fleiri né færri en 30 vistarverur.



Sigurgeir Skúlason landfræðingur við uppmælingu á kirkjugarðinum á Skógum undir Eyjafjöllum. „Sumir garðanna voru með nokkuð örugg gögn og upplýsingar sem hægt var að nýta við þessa vinnu en hjá öðrum lágu fyrir afar litlar upplýsingar þannig að þetta hefur reynst seinunnið víða.“

Kortagerðin tekið stakkaskiptum

Rætt við Sigurgeir Skúlason, landfræðing og verkefnastjóra hjá Kirkjugarðaráði

Það hefur nú æxlast þannig að ég hef eiginlega allan minn starfsferil verið í kortagerðinni með einum eða öðrum hætti. Fljótlega eftir að ég lauk námi í landfræði árið 1986 byrjaði ég hjá Landmælingum Íslands þar sem ég tók þátt í að vinna kort á tölvutæku formi en fram að því hafði allt verið unnið á pappír og filmur. Gerð korta hefur tekið algjörum stakkaskiptum frá því ég hóf störf

fyrir ríflega 35 árum og má raunar tala um byltingu í þeim efnum,” segir Sigurgeir Skúlason landfræðingur en hann hefur lengi unnið að mælingum og gerð korta af íslenskum kirkjugörðum.

Örnefni inn á loftmyndir

Fyrsta stóra verkefnið hjá Sigurgeiri hjá Landmælingum



Hér má sjá loftmynd af kirkjugarðinum á Skorrastöðum í Fjarðabyggð. Þar hefur Sigurgeir unnið kort ofan í loftmynd af garðinum þar sem öll leiði eru merkt út og númeruð eftir sérstöku kerfi. Þegar slík kort eru fullunnin eru þau sett inn á vefinn gardur.is



Guðný Hildur
Kristinsdóttir
Frámsæmdastjóri

Eilert Ingason
Salmákeri,
útfararþjónusta

Emilía Jónadóttir
Filaáráðgjafi,
útfararþjónusta

Guðmundur
Baldvinsson
Útfararþjónusta



Magnús Sævar
Magnússon
Útfararþjónusta

Helga
Guðmundsdóttir
Útfararþjónusta

Hinrik Norðhjórd
Útfararþjónusta

Helena Björk
Magnúsdóttir
Útfararþjónusta

*Tökum á móti ástvinum í hlýlegu
og fallegu umhverfi*

Allur arður af þjónustunni rennur til reksturs kirkjugarðanna



Útfararþjónusta

í yfir 70 ár

Við veitum alla þjónustu tengda andláti ástvina

- Þjónusta um allt land og erlendis
- Þjónusta í heimahúsi og á stofnunum

Öll aðstaða í samræmi við tilefnið. Hlýlegt og fallegt húsnæði og nýir glæsilegir bílar.

Sjá nánari upplýsingar á

utfor.is

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

var samvinnuverkefni með bandaríska hernum og stóð það yfir í nokkur ár. Þetta fólst í að herinn gerði grunninn, þ.e. hæðarlínur og vatnafar og helstu mannvirki. Vinna Landmælinganna var leiðréttingarvinna, innsetning örnefna og frekari landgreining. Það má segja að þessi vinna hafi lagt grunninn að hæðalínukerfi Landmælinga í dag.“

Sigurgeir minnir á að á þessum tíma hafi tölvuöldin í raun enn ekki gengið í garð í kortagerð á Íslandi. „Ég átti sjálfur Macintosh tölvu sem ég kom með til stofnunarinnar en þá voru þar fyrir á fleti nokkrar PC tölvur sem þó voru aðallega notaðar í textagerð. Makkinn minn reyndist okkur vel framan af en smám saman komu inn stærri vinnustöðvar og tölvurnar urðu megin vinnutækið í kortagerðinni í stað pappírs og filma. Eftir á að hyggja voru þessar fyrstu tölvur býsna frumstæðar og forritin einföld. Þróunin var hins vegar hröð og maður þurfti að hafa sig allan við til að fylgjast með nýjungunum. Kollegar okkar á Norðurlöndum voru komnir lengra inn í tölvuöldina á þessum tíma og ég fór m.a. þangað í námsferðir til að ná mér í þekkingu. En þetta var harður skóli og lærdómsríkt ferli.“

Eigin stofa í 11 ár

Sigurgeir starfaði hjá Landmælingum til ársins 1994 en þá setti hann á stofn eigin teiknistofu sem hann rak næstu 11 árin og raunar einum mánuði betur. Meginverkefni stofunnar framan af var skráning örnefna inn á loftmyndir fyrir sveitarfélög í Austur-Skaftafellssýslu og það átti eftir að vinda upp á sig.

„Upphafið má raunar rekja til samstarfs míns nokkrum árum fyrr við Gísla Sverri Árnason á Höfn í Hornafirði um skráningu nafna á eyjum og skerjum í Hornafirði og Skarðsfirði inn á loftmyndir. Jenni í Hafnarnesi þekkti þetta svæði manna best og okkur þótti mikilvægt að varðveita þá þekkingu á tölvutæku formi. Í kjölfarið hóf ég að vinna fyrir sveitarfélögin frá Lóni vestur í Suðursveit við að skrá örnefnin í þessum sveitarfélögum inn á loftmyndir en talsverð eftirspurn var eftir því að eignast slíkar myndir.“

Sigurgeir segir að rekstur stofunnar hafi gengið ágætlega og ýmis verkefni, einkum fyrir sveitarfélög á Suðurlandi bæst við auk kortagerðar í bækur og bæklinga, gerð skipulagskorta o.fl. „Næstu kaflaskil í þessum bransa mínum voru svo þegar GPS tæknin tók yfir og ég keypti slíkt tæki í samvinnu við Sveitarfélagið Hornafjörð. Þá fóru að koma inn verkefni eins og gerð uppdráttar af lóðum og landamerkjum en einnig kirkjugörðum.“

Samstarf við Kirkjugarðaráð

Árið 2005 var sett upp nýtt tekjulíkan fyrir kirkjugarðana í landinu þar sem framlög ríkisins til reksturs þeirra var reiknað út frá tveim meginforsendum. Annars vegar var greitt fyrir hverja nýja gróf sem tekin var og hins vegar fermetrafjöldi svæða sem búið var að jarðsetja í. Þetta krafðist þess að það þurfti að reikna stærð nýtingarhluta garðanna nákvæmlega. Var þá leitað til Sigurgeirs og honum

falið að hefjast handa um uppmælingu á görðunum og vinna upp kort eftir loftmyndum sem teknar höfðu verið á vegum Landmælinga á 10. áratugnum. Sigurgeir vann að þessu framan af sem verktaki en árið 2005 var hann ráðinn verkefnastjóri hjá Kirkjugarðaráði og hætti þá rekstri eigin stofu.

„Ég var fenginn í það verkefni að mæla upp útlínur þeirra garða sem ekki voru til nákvæmir uppdættir af en fljótlega var ákveðið að gera nákvæmt kort af görðunum út frá loftmyndum og GPS-punktum en síðan hefur drónatækni komið að góðum notum hin síðari árin. Þessi vinna fer fram á sumrin og þá hef ég myndað viðkomandi garð með sérstökum landmælingadróna. Síðan þarf að mæla upp hvert einasta leiði og mannvirki og merkja út skv. ákveðnu kerfi. Einnig hef ég jafnframt lesið upp upp texta minningarmarka inn á band til að tengja við mælinguna til að geta borið saman við fyrirliggjandi gögn eins og kirkjubækur o.fl. ef á þarf að halda. Þetta hefur reynst tímafrekt og útheimtir auðvitað mikil ferðalög. Sumir garðanna voru með nokkuð örugg gögn og upplýsingar sem hægt var að nýta við þessa vinnu en hjá öðrum lágu fyrir afar litlar upplýsingar þannig að þetta hefur reynst seinunnið víða.“

Mikilvægt menningarstarf

Þegar búið er að teikna upp garðinn og númera leiði og önnur mannvirki inn á kortið er teikningin ásamt skránni send til yfirlestrar heim í hérað til að lágmarka líkur á villum. Oft eru leiði t.d. ómerkt í eldri görðum og þá er reynt að afla upplýsinga um hver sé þar grafinn og þeim bætt inn í gagnagrunninn. „Þessu getur fylgt talsvert fræðagrúsk og margvísleg samskipti við heimamenn sem best þekkja til. Ég hef átt afar ánægjuleg samskipti við fjölmarga aðila um land allt í þessu ferli, formenn sóknarnefnda eða aðra tengiliði.“

Sigurgeir segir að þessi uppmæling á íslenskum kirkjugörðum nýtist vel þegar kemur að skipulagsvinnu, t.d. stækkun grafarstæða eða þegar skipuleggja þarf stíga, bílastæði, gróðurreiti og annað sem þörf er á. Eins er hægt að gera ýmsar mælingar út frá þessum gögnum. „Síðast en ekki síst er hér um mikilvæga menningarstarfsemi að ræða því kirkjugarðar landsins eru miklir sögustaðir og Kirkjugarðaráð hefur lagt metnað í að upplýsingar um hvað í þeim sé að finna liggi fyrir á aðgengilegu formi fyrir alla sem áhuga hafa á. Við erum komin með gagnvirk kort af rúmlega 100 kirkjugörðum inn á vefinn gardur.is en það er stefnt á að koma öllum görðum landsins inn í slíkan samræmdan grunn og sú vinna mun taka einhver ár til viðbótar,“ segir Sigurgeir.

Þess má geta að Sigurgeir hefur um árabil einnig verið í fjórðungs starfshlutfalli hjá fasteignasviði Kirkjuráðs en sú vinna felst í gerð afstöðumynda og hnitasettri afmörkun lóða umhverfis kirkjur, kirkjugarða, íbúðarhús á prestsetursjörðum og aðra eignarhluta sem ákveðið hefur verið að afmarka með sjálfstæðum hætti.

Róbotinn sér um sláttinn

Við ákváðum í fyrravor að festa kaup á róbot til að sjá um grassláttinn í garðinum og reynslan af honum er mjög góð. Við höfum lært ýmislegt í ferlinu og höfum þurft að laga aðstæður á stöku stað til að þjóna lund hans. Ég mæli hiklaust með því að menn nýti sér þessa tækni þótt gera þurfi einhverjar lagfæringar í görðum þar sem aðgengi er erfitt,” segir Gunnar Björnsson, formaður sóknarnefndar Skinnastaðarkirkju í samtali.

Kirkjugarðar landsins þurfa mikla umhirðu yfir sumar tímamann og víða er erfitt að fá fólk til að annast sláttinn, sérstaklega í minni sóknum þar sem oft þarf að fara langar vegalengdir á milli garða. Gunnar segir að oftast hafi ungmennti unnið við hirðu garðanna á sumrum en svæðin séu mörg og krakkarnir ekki með bílpróf þannig að þessu umstangi hafi fylgt verulegur og vaxandi kostnaður. Í hans sóknarnefnd hafi tveir aðilar góða reynslu af slátturóbótum í eigin húsagörðum og því verið ákveðið að prófa hvort slík tækni gæti komið að notum við umhirðu garðanna í prestakallinu. Varð Husqvarna róbot frá MHG verslun fyrir valinu en hann kostaði um eina milljón króna.

„Eldri hluti garðsins á Skinnastöðum er nokkuð erfiður yfirferðar og þar þurfti áður að slá með orfi og ljá vegna þess að ekki var unnt að koma sláttuvélum að. Við keyptum okkur fjórhjóladrifinn Husqvarna róbot og fólum honum verkefnið allt sl. sumar sem hann hefur annast af þryði, bæði í eldri og yngri hlutum garðsins. Eftir á að hyggja má vera að við hefðum ekki átt að kaupa róbot með drifi á öllum því hann átti það til að koma sér í klandur með því að klifra upp á steina og sitja þar fastur. Smám saman reyndum við því að bæta aðstæður, m.a. með því að setja niður trépinna fyrir framan staði sem honum er ekki ætlað að slá, t.d. blómabeð eða þess háttar og í sumar



Róbotinn átti það til að kloma sér í klandur svo gera þurfti ráðstafanir.

munum við hækka nokkra steina og gera smávægilegar breytingar til að róbotinn geti unnið sitt verk hnökralaust. Við höfum fulla trú á þessari tækni og ætlum líka að prófa okkur áfram með annan róbot með drifi á afturhjólum sem kann að henta betur.“

Gunnar segir að fjárfesting af þessu tagi borgi sig upp á tveimur til þremur árum. „Róbotinn slær garðinn sleitulaust þannig að svæðið er alltaf eins og nýslegið. Hann fer stöðugt yfir, rennir sér sjálfkrafa í hleðslu sem tekur um eina og hálf klukkustund og hverfur svo aftur til starfa. Við fylgjumst með í gegnum app í símanum og fáum allar upplýsingar ef eitthvað kemur upp á þannig að hægt sé að bregðast við. Þetta er að okkar viti kærkomin tækni sem á örugglega eftir að ryðja sér til rúms í íslenskum kirkjugörðum.“



Slátturóbotinn á Skinnastöðum slær garðinn sleitulaust allt sumarið þannig að svæðið er alltaf eins og nýslegið.



Guðmundur Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs innan um bautasteina í Kaupmannahöfn í einni ferða sinna erlendis. „Nú, þegar hillir undir starfslokinn get ég sagt að ég kveðji starfið sáttur og fullur þakklætis fyrir að hafa fengið tækifæri og traust til að helga mig málefnum kirkjugarða.“

Þegar ég lit til baka get ég sagt að verkefni á starfsævinni hafa verið að langmestu leyti skemmtileg og gefandi. Það sem stendur upp úr eru frábær samskipti við stóran hóp fólks víða um land, m.a. hönnuði, sveitarstjórnir, kirkjugarðsstjórnir, starfsfólk kirkjugarðanna, presta, prófasta, verktaka og samstarfsfólk hér á Biskupsstofu og síðast en ekki síst þá sem hafa setið í Kirkjugarðaráði. Þar hef ég eignast marga vini og kunningja. Meginumbun í starfinu hefur þó verið fólgin í því að að sjá ótal hugmyndir um endurbætur á kirkjugörðum og umhverfi þeirra lifna við og raungerast. Það þurfti víða að taka til hendi því tímans tönn vinnur sitt verk,“ segir Guðmundur Rafn Sigurðsson sem í haust lætur af störfum sem framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs eftir 32 ár í starfi.

Guðmundur Rafn er lesendum Bautasteins að góðu kunnur, m.a. vegna starfa sinna fyrir blaðið en hann hefur setið í ritnefnd frá upphafi og lagt því til myndir og efni. Þá hefur hann einnig setið í stjórn Kirkjugarðasambandsins frá upphafi og oft haldið fyrirlestra um málefni kirkjugarðanna á þeim vettvangi. Einnig hefur Guðmundur Rafn setið í stjórn norræna sambandsins NFKK sem stendur fyrir Norræn samtök kirkjugarða og bálstofa.

Garðyrkjan höfðaði til mín

Guðmundur Rafn er fæddur árið 1955 á Stöðvarfirði en flutti með fjölskyldu sinni til Reykjavíkur þegar hann var 8 ára gamall. „Foreldrar mínir voru Sigurður Gísl Guðjónsson, ættaður úr Ölfusi og starfaði hann lengstum sem skrifstofustjóri á Hótel Sögu. Móðir mín, Hrefna Guð-

„Það kemur alltaf maður í manns stað“

Rætt við Guðmund Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóra Kirkjugarðaráðs sem nú sest senn í helgan stein eftir tæpan þriðjung aldar í starfi



Námsmaður í Noregi á 8. áratugnum.

mundóttir var ættuð frá Blesastöðum á Skeiðum og rak lengi söluturninn á Grundarstíg 12 í Reykjavík. Þau eru bæði látin. Ég ólst upp með fimm bræðrum á kærleiksríku og um leið mjög liflegu heimili. Móðir okkar stjánaði við okkur og jafnrétti kynjanna kom lítið til umræðu. Eftir að ég flutti að heiman fór ég smátt og smátt að átta mig á að líklega hafi ég alist upp í vernduðu umhverfi!“

Guðmundur Rafn gekk í Álftamýrarskóla og útskrifaðist síðan sem stúdent frá MH 1975. „Ég byrjaði að vinna í garðyrkju árið sem ég fermdist og var lengi sumarstrákur hjá frænda mínum Þórarni Inga Jónssyni skrudgarðyrkju-meistara. Fann ég fljótlega að garðyrkjan höfðaði með einhverjum hætti til mín. Eftir stúdentspróf vann ég svo áfram við garðyrkjustörf og fór á skrudgarðyrkjubraut Garðyrkjuskóla ríkisins og lauk námi árið 1978. Þaðan fór ég svo að Ási í Noregi þaðan sem ég útskrifaðist sem landslagsarkitekt árið 1982.“

Að loknu námi í Noregi starfaði Guðmundur Rafn sem aðalkennari við sína gömlu braut við Garðyrkjuskólann árin 1982-1986 og starfaði einnig sem stundakennari við skólann árin 1988-1990. Hann rak eigin teiknistofu í Reykjavík 1986-1991 en var svo ráðinn framkvæmdastjóri Skipulagsnefndar kirkjugarða, sem nú nefnist Kirkjugarðaráð árið 1992.

Guðmundur Rafn er kvæntur Gígju Baldursdóttur myndlistarmanni og kennara en þau kynntust þegar bæði voru við nám í Noregi. Þau eiga þrjú börn.



Kirkjugarðaráð eins og það var skipað stærstan hluta starfsferils Guðmundar Rafns. Í fremri röð eru þau Ragnhildur Benediktsdóttir, formaður ráðsins og Þórsteinn Ragnarsson, fyrrum framkvæmdastjóri KGRP og formaður KGSÍ. Í efri röð frá vinstri Smári Sigurðsson, framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar og núverandi formaður KGSÍ, Guðmundur Rafn, Valtýr Valtýsson, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Kristín Huld Sigurðardóttir, fyrrum forstöðumaður Minjastofnunar Íslands og Sigurgeir Skúlason, starfsmaður ráðsins.

Örslagavaldurinn Helge Klingberg

„Auðvitað ráða tilviljanir miklu í lífinu en oftast er nú eitt-hvað samhengi á milli hlutanna þegar grannt er skoðað. Ástæðuna fyrir því að ég sótti um þetta starf sem ég hef gegnt undanfarinn aldarþriðjung má rekja til þess að í náminu í Noregi fékk ég strax áhuga á málefnum kirkjugarða og skrifaði raunar lokaritgerðina mína um þann málaflokk. Því réð að miklu leyti hvatning frá einum kennara mínum, Helge Klingberg, landslagsarkitekt og prófessor, en hann er einn fremsti fræðimaðurinn um þau efni á Norðurlöndunum enn í dag. Helge lagði mikla áherslu á það við okkur nemendur sína að kirkjugarðar væru ekki bara skipulagsmál heldur ekki síður menning og saga. Þetta viðhorf greyptist í vitund mína og ég hef æ síðan haft það í huga í mínum störfum.“

Guðmundur Rafn nefnir ýmis samskipti við Helge, en hann hefur komið til Íslands og haldið hér fyrirlestra, m.a. á vegum Kirkjugarðasambandsins. „Já, það er alveg óhætt að segja að minn gamli mentor hafi reynst mikill örlagavaldur í mínu lífi því það var honum öðrum fremur að þakka að ég lagði út á þessa braut sem síðan hefur orðið mitt ævistarf. Ég er ekki með nokkrum hætti að bera mig saman við Helge Klingberg en störf okkar hafa býsna mikið tvinnast saman. Báðir höfum við verið í starfi umsjónarmanns kirkjugarða í okkar heimalöndum í jafnmörg ár eða 32 en Helge tók til starfa sem slíkur í Noregi 1981 og lauk störfum árið 2013. Þá hefur Helge í gegnum



Helge Klingberg og Guðmundur Rafn hafa átt gott samstarf í gegnum árin. Myndin er tekin í Porsgrunn í Noregi haustið 2023.



Hjónin Guðmundur Rafn og Gígja Baldursdóttir, myndlistarmaður og kennari.

tíðina verið mjög virkur í starfsemi kirkjugarðasambandsins í Noregi sem heitir í dag Norsk forening for gravplatskultur og hann hefur skrifað fjölda greina í blað sambandsins auk fjölda bóka. Fyrst og fremst er ég þakklátur fyrir að hafa hef eignast hann að persónulegum vini og átt í honum faglega fyrirmynd.“

Aðeins tveir gegnt embættinu

Á þessu ári eru 60 ár liðin frá því embætti umsjónarmanns kirkjugarða var stofnað og hafa aðeins tveir menn gegnt því þann tíma. Aðalsteinn Steindórsson tók til starfa 1. júlí 1964 og gegndi embættinu í 28 ár eða til 1. júlí 1992 þegar Guðmundur Rafn tók við. Aðalsteinn var mjög atorkusamur maður og mun hafa heimsótt 57 kirkjugarða fyrsta árið í starfi. Hann hófst strax handa við að mynda og mæla upp fjölda garða og skipuleggja þá og skilaði drjúgu dagsverki. Aðalsteinn lést árið 2013.

„Ástæða þess að þetta embætti var sett á laggirnar á sínum tíma hefur örugglega verið aukin umræða um umhverfismál og meiri áhugi og þekking á skrudgarðyrkju og skipulagsmálum. Þá auðvitað rann það mörgum til rifja hvernig kirkjugarðar landsins höfðu margir hverjir drabbast niður og að nauðsynlegt væri að huga betur að skráningu þeirra, skipulagi og viðhaldi. Aðalsteinn skilaði mér góðu búi og lagði grunninn að því starfi sem ég hef svo reynt að halda áfram með. Hann brýndi fyrir mér að kirkjugarðarnir væru viðkvæmir reitir af tilfinningalegum ástæðum og mikilvægt væri að umgangast þá af virðingu. Ég áttaði mig fljótlega á því að þetta er alveg rétt auk þess sem allar

endurbætur eru vandmeðfarnar vegna þess að garðarnir eru flestir á sögulegum stöðum og því hluti af okkar menningarlandslagi.“

Guðmundur Rafn bætir við að vissulega séu oft misjafnar skoðanir innan kirkjugarðsstjórna hvernig og hversu langt eigi að ganga í lagfæringum og endurgerð. Því hafi stundum þurft að miðla málum og samræma sjónarmið eins og gengur. Sumir vilji sjá garðana slétta með fallega klipptri grasflöt, limgerði og hellulögðum stígum á meðan aðrir vilja hafa þýfðan garð með grasstígum og villtum blómgróðri. Það komi þá í sinn hlut að leggja á ráðin um hvernig standa eigi að lagfæringum, auk þess að hafa eftirlit með þeim verkum sem Kirkjugarðasjóður styrkir.

„Þetta hefur verið ákaflega fjölbreytt og skemmtilegt starf og gaman að fá að upplifa landið og fólkið við alls konar aðstæður og í alls konar hlutverkum. Starf framkvæmdastjóra Kirkjugarðaráðs hefur m.a. verið fólgið í því að annast samskipti við kirkjugarðsstjórnir, hönnuði og verkataka og vinna uppdætti og önnur hönnunargögn vegna lagfæringa, stækkana og breytinga á kirkjugörðum um land allt. Þá hefur verið á minni könnu að aðstoða við ráðningu manna í mismunandi verkþætti auk eftirlits með framkvæmdum. Síðast en ekki síst hefur drjúgur tími farið í að halda utan um fjármálin og afgreiða umsóknir um styrki og útgreiðslu þeirra en Kirkjugarðssjóður veitir árlega styrki til brýnna framkvæmda um land allt.“



Undir vel hlöðnum vegg. Aðalsteinn Steindórsson t.v. ásamt eftirmanni sínum, Guðmundi Rafni Sigurðssyni. Úrklippa úr tímaritinu Víðförla sem gefið var út 1992.

Lokar hringnum í sumar

Það er óhætt að segja að starfsvettvangur embættismannsins Guðmundar Rafns Sigurðssonar sé all víðfeðmur eða allt landið. Á Íslandi eru starfræktir tæplega 300 kirkjugarðar og að auki eru um 70 niðurlagðir garðar eða í eyðisóknum. „Já, ég hef heimsótt þessa garða og telst raunar til að einn sé eftir en hann ætla ég að heimsækja í sumar. Það er kirkjugarðurinn í Furufirði á Ströndum og þá hef ég lokað hringnum.“

Guðmundi Rafni reiknast til að frá því hann hóf störf hafi verið veittir um 1300 styrkir úr Kirkjugarðasjóði. Flestir kirkjugarða landsins hafi fengið styrk og margir þeirra oftast en einu sinni. Við þessar framkvæmdir hafi ekki verið einskorðað við að líta á kirkjugarðinn sem einangrað fyrirbrigði heldur haft að leiðarljósi að skapa heildarsýn fyrir kirkjugarðinn og umhverfi hans. „Margir kirkjustaðir, þar sem yfirleitt alltaf er kirkjugarður, hafa verið þekktir sem sögustaðir í gegnum aldir og laða því til sín fjölda gesta, bæði erlendra og innlendara, sem vilja kynna sögu staðarins. Ég held því að það séu tækifæri víða um land til að gera sögu þeirra sýnilegri með upplýsingaskiltum o.fl. Sumarið 2021 var á t.d. Valbjófsstað í Fljótsdal útbúið áningarsvæði með hlaðinni umgjörð og þar komið fyrir skiltum þar sem í máli og myndum er stiklað á sögu staðarins sem höfuðbóls og kirkjustaðar frá öndverðu. Finnst

mér þetta gott dæmi um hvernig standa má að slíkum sögumerkingum og væri upplagt að gera það miklu víðar.“

Guðmundur Rafn segir Kirkjugarðasjóðinn afar mikilvægan og að án hans hefði ekki verið hægt að ráðast í ýmsar framkvæmdir sem hafa orðið að veruleika. Hann segir því skipta miklu máli að tryggja sjóðnum nægilegt fé til að rækja hlutverk sitt áfram og ekki síður að kirkjugarðar landsins fái nægilegt rekstrarfé til að sinna lögbundnum skyldum sínum svo hægt sé að hirða þá með natni og sýna þá gestum og gangandi með stolti. „Ég held að almennt megi segja að kirkjugörðum á Íslandi sé vel sinnt þó ekki sé alltaf til staðar nægt fjármagn. Fjárveitingar til kirkjugarða hafa skerast mikið að raungildi eftir fjármálahrunið og þeim ekki enn verið bætt þessi tekju-skerðing þannig að þeir geti sem best sinnt lögbundnum skyldum sínum. Hjá tekjuminni kirkjugörðum hafa sjálfboðaliðar lagt sitt af mörkum til að bjarga málum og fyrir það ber að þakka. Á kirkjugarðafundum og ráðstefnum á hinum Norðurlöndunum sem ég hef setið er lítið verið að fjalla um fjármál kirkjugarða enda ríkir þar góð sátt um þau málefni á milli stjórnvalda og garðanna. Ég vona að hér á landi náist sem fyrst slík sátt og að öll sú orka, sem hefur farið í að takast á um fjármál kirkjugarða, geti frekar nýst til að styrkja faglega og menningarlega stöðu þeirra.“

Grjótgarðarnir duga vel

Guðmundur Rafn er áhugamaður um hleðslur og hefur lagt áherslu á viðhald og endurbyggingu hlaðinna veggja í kirkjugörðum víðs vegar um land. Hann segist á sínum tíma hafa sótt námskeið hjá hleðslumanninum Sveini Einarsyni frá Hríót og það hafi kveikt þennan áhuga. „Ég fékk mikinn áhuga á þessu strax og hef beitt mér fyrir því að þar sem áður hefur verið hlaðið í kringum kirkjugarða verði það endurnýjað og einnig ráðist í nýjar hleðslur þar sem það á við. Þessar hleðslur falla vel inn í umhverfið, sérstaklega til sveita og gefa kirkjunum og kirkjugörðunum fallett yfirbragð. Við höfum líka fundið að heimafólk tekur slíkum endurbótum fagnandi. Þá skiptir ekki minna máli að slíkir grjótgarðar, ef rétt er að þeim staðið, gegna hlutverki sínu ártatugum og jafnvel árhundruðum saman. Það gera hins vegar ekki timburgirðingarnar sem þarfnast mikils viðhalds.“

Guðmundur Rafn segist leggja áherslu á að nýta efni úr nágrenninu í slíka vegg, þar sem því verði við komið. „Í þessu sambandi er vert að geta þess að þegar við hófumst handa um þessar hleðslur þá var verkkunnáttan í landinu á því sviði því sem næst horfin. Ég er ánægður með að þessi áhersla Kirkjugarðaráðs á steinhleðslurnar hefur orðið til þess að fleiri hleðslumenn hafa fengið tækifæri til að spreyta sig á þessu gamla fagi og viðhalda nauðsynlegri kunnáttu í landinu. Á þessu tímabili hefur náttúruhleðsla verið framkvæmd við tæplega 140 kirkjugarða og skipta fermetrarnir þúsundum sem hlaðnir hafa verið. Við eigum í dag frábæra hleðslumenn sem eru jafnvígir á torf og grjót og ég vona að þeir fái tækifæri áfram.“

Maður í manns stað

„Nú, þegar hillir undir starfslokin get ég sagt að ég kveðji starfið sáttur og fullur þakklætis fyrir að hafa fengið tækifæri og traust til að helga mig málefnum kirkjugarða. Þetta hefur verið gefandi starf og bakgrunnur minn í skrudgarðyrkju og hönnun hefur nýst vel og mér gefist gott tækifæri til að byggja ofan á þá þekkingu í samskiptum við fagfólk bæði hérlendis og erlendis. Í mínu fagi sem landslagsarkitekt er ekki sjálfgefið að geta helgað sig einum málaflokki nær alla starfsævina og fyrir það er ég þakklátur.“


Við spyrjum Guðmund Rafn hvað nú taki við. Hann segist að minnsta kosti alls ekki kvíða því að hætta að vinna enda haft tíma til að undirbúa starfslokin með ýmsum hætti. „Við fjölskyldan eigum sumarbústað í Grímsnesi á fallegum stað og þar biða ýmis verkefni og tilhlökkunar-efni að fá að njóta þar náttúrunnar, fjarri ys og þys. Ég vonast einnig eftir að geta ferðast og heimsótt staði sem ég hef ekki komið á, bæði hérlendis og erlendis. Þá hefur tónlistin alltaf verið góður ferðafélagi á vinnuferðum þvers og kruss um landið og verður það örugglega áfram. Þá stefni ég áfram á að stunda heilsurækt og hreyfingu eins og ég hef gert í gegnum tíðina en ég er svo lánsamur að vera hluti af leifimihóp sem í ár heldur upp á 35 ára afmæli sitt. Þessi hópur kallast AGGF sem er skammstöfun fyrir Afrekshópur Gauta Grétarssonar fimleikastjóra. Í þessum

Ég vona að hér á landi náist sem fyrst slík sátt og að öll sú orka, sem hefur farið í að takast á um fjármál kirkjugarða, geti frekar nýst til að styrkja faglega og menningarlega stöðu þeirra.

hópi hefur okkur verið komið í skilning um hversu miklu máli hreyfing og mataræði skipta, ekki síst þegar við eldumst. Það er sumsé ekki í boði að fara á eftirlaun í leikfiminna en æfingarnar aðlagðar hækkandi aldri og skertri getu. Þá er ég aðeins byrjaður að mæta mig við golf og hef gaman af því.“

Guðmundur Rafn reiknar þó ekki með að hætta alveg að hugsa um kirkjugarða: „Ég er þess fullviss að ég kem áfram til með kikja á þá ef þeir verða á vegi mínum. Maður þarf bara að gæta sín á að skoða þá með augum ferðamanns en ekki eftirlitsmanns. Það er nefnilega nauðsynlegt að læra að sleppa og treysta öðrum því það kemur alltaf maður í manns stað.“

FALLEGIR LEGSTEINAR



Bergsteinar
legsteinagerð efh.

Eyrartröð 16, 220 Hafnarfjörður
Sími 537-1029, www.bergsteinar.is



Á eyðibýlinu Fiskilæk í Melasveit er að finna fyrsta heimagrafreitinn á landinu sem veitt var opinbert leyfi fyrir. Þar er að finna veglegan minnisvarða um þá sem þar hvíla, hjónin Þórð Sigurðsson og Sigríði Runólfsdóttur.

Þór Magnússon skrifar

Heimagrafreitur á Fiskilæk

Á jörðinni Fiskilæk í Melasveit í Borgarfjarðarhéraði er heimagrafreitur, sá fyrsti sem veitt var opinbert leyfi til hérlendis. Það var bóndinn á Fiskilæk, Þórður Sigurðsson sem hér átti frumkvæði og árið var 1878. Jörðin Fiskilækur er nú í eyði, en stór og mikill minnisvarði í grafreitnum, um Þórð og Sigríði Runólfsdóttur konu hans, sem hér eru jarðsett, blasir við af þjóðveginum.

Ekki er vitað til að kirkja hafi verið á Fiskilæk, en þó gætu heimildir bent til að þar hafi verið bænhús á miðöldum.

Fiskilækjarhjónin, Þórður og Sigríður, voru foreldrar Matthíasar Þórðarsonar þjóðminjavarðar. Annar sonur þeirra var Ágúst Flygenring kaupmaður og útgerðarmaður í Hafnarfirði. Þórður andaðist árið 1883 en Sigríður kona hans 1891.

Þeir bræður létu setja foreldrum sínum minnisvarðann í heimagrafreitnum, afarmikinn steinsteyptan stöpul, einn

mesta slíkan minningarstein hérlendis, með ifeldri plötu með viðeigandi áletrun um Þórð og Sigríði. Varðann útbjó Magnús Guðnason steinsmiður í Reykjavík eftir fyrirsögn Matthíasar. Fleiri liggja í grafreitnum, síðari ábúendur á Fiskilæk og tengt fólk.

Með tímanum veðraðist minnisvarðinn og molnaði víða úr honum. Árið 2020 var gert vandlega við stöpulinn, þar sem til þess fékkst styrkur vegna lagfæringa á sérstæðum gömlum minningarmörkum og sá Árni R. Þorvaldsson, múrarmeistari um framkvæmdina.

Matthías Þórðarson átti lengi sæti í kirkjugarðastjórn og lét sér alla tíð mjög annt um kristnihald, kirkjur og kirkjugripi, og vann víða að verndun gamalla og sögulegra minnismerkja í kirkjugörðum, hann sat og í sóknarnefnd hér syðra í áratugi. Er því viðgerð minnisvarðans honum einnig til minningar.



Með tímanum veðraðist minnisvarðinn og molnaði víða úr honum. Myndin er tekin 2017.



Árið 2020 var gert við stöpulinn og sá Árni R. Þorvaldsson múraramestari um framkvæmdina.

Blóm á leiði

Bjóðum upp á mikið úrval blóma á grafreiti.



Heiðmörk 38
810 Hveragerði
Sími 483 4800
flora@floragardyrkjustod.is



FLÓRA
GARÐYRKJÚSTÖÐ

Valpór Hlökkversson skrifar

Endurreisn í Krýsuvík



Staðarprýði. Endurbyggð Krýsuvíkirkirkja og fagurlega mótuð hleðsla utan um kirkjugarðinn. Þessum merka kirkju- stað hefur loks verið sómi sýndur eftir langa niðurlægingu.

Krýsuvíkur er getið í Landnámabók og þar var blóm- leg byggð öldum saman. Jörðin er afar víðlend eða rúmlega 200 km² að flatarmáli, afar rík af náttúru- gæðum. Á höfðbólínu, hvar var kirkja um langa hríð, var á fyrri tíðar mælikvarða blómlegur búskapur en kotbýli allt um kring. Kallaðist þéttbýlið gjarnan Krýsuvíkurtorfan en þar bjuggu um 40 sálir í lok 19. aldar. Smám saman ein- angraðist staðurinn og síðasti ábúandinn hvarf frá þessari kostajörð laust fyrir miðja 20. öld. Nú státar þetta forna höfuðból af endurreistu guðshúsi og fagurlega mótaðri umgjörð um kirkjugarðinn.

Síðasti stórbóndinn

Eins og áðir sagði er Krýsuvíkurjörðin víðlend og nær hún allt frá Brennisteinsfjöllum í austri að Höskuldarvöllum í vestri. Í norðri nær jörðin frá Vatnsskarði og allt til sjávar í suðri. Alla tíð var sauðfjárræktin undirstaða búskaparins auk sjósóknar. Á síðustu tveimur árhundruðum tók svo fólki að fækka, sérstaklega á 19. öld þegar þjóðhættir tóku stakkaskiptum. Ýmsar tilraunir voru þó gerðar til að blása lífi í hið forna höfuðból í áranna rás, án árangurs nema um skamma hríð.

Síðasti stórbóndinn í Krýsuvík var Árni Gíslason sýslu- maður en hann eignaðist jörðina og Herdísarvík að auki árið 1880 og bjó þar allt til dauðadags 1898. Hann kom sér upp myndarlegum sauðfjærstofni og var um tíma talinn mestur fjárbænda í landinu öllu. Byggði hann upp húsa- kost jarðar sinnar, vann ötullega að jarðabótum og nýtti óspart hlunnindi eins og fuglaveiði og eggjatekju úr Krýsu- víkurbjargi. Árið 1890 voru hjá honum í heimili 14 manns. Árni er jarðsettur í Krýsuvíkurkirkjugarði og er hann annar tveggja sem þar hvílir með sýnilegu minningar- marki. Hinn er Sveinn Björnsson yfirlöggregluþjónn í Hafn- arfirði og listmálari sem þar var jarðsettur árið 1997, síð- astur manna.

Þjóðþekktastur eigenda Krýsuvíkur er án efa Einar Bene- diktsson skáld sem eignaðist jörðina árið 1908 í félagi við norska fjárfesta. Einar varð einn eigandi jarðarinnar árið 1928. Árið 1933 falaðist Hafnarfjarðabær eftir því við skáldið að fá jörðina keypta með það fyrir augum að nýta þar beitarlönd fyrir sauðfé auk þess sem bæjarstjórn hefur ugglaut séð möguleika á virkjun jarðhitans síðar meir. Fyrst í stað tók bærinn jörðina á leigu með afnotarétti af



Tímans tönn vinnur sitt verk. Þekja fjóssins sem Hafnarfjarðarbær lét reisa er fallin en súrheysturnarnir tveir standa enn keikir.

Ljósmynd: ferlir.is



Heimilisfólk Stóra Nýjabæjar á Krýsuvíkurtorfunni stillir sér upp til myndatöku. Myndin er tekin um 1925. Þá var orðið fátt ábúenda á Krýsuvíkurtorfu.



Krýsuvíkirkirkja á endurvígsludaginn 31. maí 1964.

Ljósmynd: Herdis Guðmundsóttir.

ræktunarlandi og hitasvæði en eignaðist hana að lokum með afsali árið 1941.

Bæjarútgerð í landbúnaði

Þegar hér er komið sögu ráða Alþýðuflokksmenn alfarið stjórn Hafnarfjarðarbæjar en þeir náðu þar hreinum meirihluta í kosningum 1926 og héldu honum vel fram yfir miðja öldina. Opinber afskipti af atvinnulífinu voru þá víða ríkjandi og talin heillaráð enda kreppa ríkjandi og atvinnuleysi mikið. Og enn ein tilraunin var gerð til endurreisnar Krýsuvíkur og nú í þágu Hafnfirðinga enda jörðin

komin í þeirra eigu. Ákveðið var að hefja stórfellda uppbyggingu búskapar í Krýsuvík til að afla Hafnfirðingum mjólkur og grænmetis.

Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði voru stórhuga og létu ekki orðin tóm duga. Á tiltölulega skömmum tíma var ráðist í miklar jarðarbætur; margir kílómetrar af skurðum opnaðir til framræsingar lands og tugir hektarar undirbúnir til sáníngar. Þá var strax ráðist í byggingu myndarlegra húsa, m.a. tveggja íbúðarhúsa fyrir vinnufólk og fjós byggt fyrir 154 kýr með áformum um að tvöfalda stækkun síðar meir.



Nemendur lðnskólans í Hafnarfirði smíðuðu núverandi kirkju.

Þá þótti til tíðinda að reistir voru tveir súrheysturnar í Krýsuvík en yfirvöld skómmtunarmála heimiluðu aðeins byggingu 10 turna í landinu öllu það árið.

Skilyrði til ræktunar grænmetis þóttu auðvitað gríðarleg í Krýsuvík vegna jarðhitans. Fyrstu jarðboranir til virkjunar voru framkvæmdar af Rannsóknarráði ríkisins árið 1941 og næstu ár áfram haldið með litlum árangri. Árið 1946

tókst þó að afla gufu sem dugði til ylræktar og upphitunar íbúðarhúsa starfsmanna. Fljótlega var hafist handa um byggingu fjögurra gróðurhúsa undir gleri, samtals um 1.600 m² að flatarmáli. Tvö þeirra voru komin í notkun árið 1949 og þar voru ræktaðir tómatar, agúrkur, gulrætur og blóm. Að auki var alls kyns annað grænmeti ræktað í gróðurreitum utandyra á um hálf hektara svæði.

Næstu tvo áratugi voru fleiri tilraunir gerðar til að virkja jarðhitann í Krýsuvík til húshitunar í Hafnarfirði en án tilætlæðs árangurs. Enn er þó áhugi á að kanna jarðhitasvæðin þar betur og haustið 2022 undirritaði Hafnarfjarðarbæjar og HS Orka viljayfirlýsingu um rannsóknir og nýtingu ferskvatns og jarðhita í Krýsuvík og standa þær nú yfir. Af frekari bæjarútgerð í landbúnaði á Krýsuvíkurljörð varð hins vegar aldrei.

Raunir Krýsuvíkirkirkna

Talið er að kirkja hafi verið í Krýsuvík frá því á 13. öld. Þar voru reistar nokkrar kirkjur, sú næstsíðasta reist 1857 úr timbri og var hún af eldri gerð turnlausra kirkna. Þeirri kirkju var sæmilega við haldið fyrstu áratuginna en eftir að flest sóknarbörnin höfðu haft sig á brott seig á ógæfuhliðina og kirkjan ekki talin lengur messuhæf af biskupi haustið 1911. Síðasta útförin fór þó fram sumarið 1917 en kirkjan síðan aflögð sem sóknarkirkja það ár.



HARPA

ÚTFARARSTOFA



Harpa Heimisdóttir
s. 842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
s. 821 2045

Kirkjulundur 19 | 210 Garðabær
s. 842 0204 | www.harpautfor.is

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA FYRIR ÍSLENSKT VEÐURFAR

VANDAÐIR KROSSAR Á LEIÐI



3ja ára ábyrgð



LJÓSASMÍÐJAN

VELAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVELAÞJÓNUSTAN

Skemmuvegur 34, Brún gata | 200 Kópavogur
velaverkjs@simnet.is | velaverkjs.is / slattuvel.is

S. 554 0661



Endurgerð kirkjugarðsveggja að hefjast haustið 2015. Búið að taka norðurvegginn niður. Glittir í undirstöðuna.



Hleðslu norðurveggjar lokið. Til hægri má sjá grunn kirkjunnar sem brann 2010. Austan hans má sjá minningarmark Árna sýslumanns Gíslasonar.



Verkinu lauk með hleðslu grjóttveggjar við aðkomuhlið kirkjunnar haustið 2023. Þar með var hringnum lokað.

Þegar kom fram á miðja síðustu öld var kirkjuhúsið í Krýsuvík því sem næst að hruni komið og hafði það um langa hríð verið nýtt til búsetu og sem opið skýli fyrir búfé. Gluggar og gluggaumgerðir voru á bak og burt, engin hurð fyrir dyrum og kirkjan rúin öllum innanstokksmunum og dýrgripum. Þetta rann Birni Jóhannessyni, fyrrum bæjarfulltrúa í Hafnarfirði til rifja og fékk hann árið 1954 leyfi Hafnarfjarðarbæjar til að gera húsinu til góða fyrir eigin reikning. Björn og smiðir hans unnu næstu árin að verkinu í samráði við Þjóðminjavörð og var kirkjan í Krýsuvík endurvígð vorið 1964. Þrátt fyrir endurbætur Björns Jóhannessonar drabbaðist Krýsuvíkurkirkja fljótt niður enda að mestu óupphituð og lítt við haldið. Árið 1986 var hún á ný tekin í gegn og færð til upprunalegrar gerðar, útveggir klæddir með tjargaðri listasúð og bárujárnri á þaki. Húsið var friðað árið 1990.

Raunum þessarar litlu sveitakirkju var þó ekki lokið því í blábyrjun árs 2010 varð hún eldi að bráð. Vinafélag Krýsuvíkurkirkju hafði forgöngu um að kirkjan yrði endurbyggð í upphaflegri mynd og var smiðin falin kennurum og nemandum trésmíðadeildar Iðnskólans í Hafnarfirði undir handleiðslu Þjóðminjasafns Íslands. Gafst þar einstakt tækifæri til að kenna gömul vinnubrögð við timbursmíði. Haustið 2020 var kirkjan flutt á grunn gömlu kirkjunnar í Krýsuvík og hún vígð á hvítasunnudag árið 2022. Krýsu-

víkurkirkja tekur 40 manns í sæti. Helgihald er í höndum presta Hafnarfjarðarprestakalls.

Ný umgjörð um kirkjugarðinn

Það horfði vissulega illa fyrir hinu forna höfuðbóli í Krýsuvík eftir bruna kirkjunnar 2010. Ekki aðeins var kirkjan horfin heldur kirkjugarðurinn líka utan tveggja minningarmarka frá 19. og 20. öld en önnur leiði með öllu horfin í svörðinn. Í mörg ár hafði verið rætt um nauðsyn þess að afmarka kirkjugarðinn í Krýsuvík. Þegar ákveðið var að endurreisa kirkjuna þurfti að endurgera grunn hennar og því var ráðist í fornleifauppgröft á staðnum. Um leið ákvað Kirkjugarðaráð og stjórn Kirkjugarða Hafnarfjarðar að beita sér fyrir endurnýjun á umgjörð kirkjugarðsins.

Byrjað var á því að hafa samráð við Minjastofnun Íslands og í framhaldinu við Byggðasafn Hafnarfjarðar sem var falið að hafa umsjón með fornleifarannsóknnum og gerð látlausra grjóttveggja umhverfis garðinn. Þegar útfærslan lá fyrir var samið við hafnfirska hleðslumanninn Ara Óskar Jóhannesson og hófst hann handa um hleðslu grunnnsins undir kirkjuna og gerð kirkjugarðsveggjanna haustið 2015. Guðmundur Rafn Sigurðsson, landslagsarkitekt og framkvæmdastjór Kirkjugarðaráðs annaðist hönnun og eftirlit.



Stílssett teikning Skotans George Mackenzie frá 1810 af hestalest hans fara upp syðri traðirnar í Krýsuvík. Krýsuvíkurkirkja til hægri og kirkjugarðurinn neðan hennar.

Í verklýsingu kemur fram að vel var vandað til verka og segir þar að hlaðinn skuli einhlaðinn veggur ofan á 60 cm þykka frostfria malarfyllingu. Fyllingin skuli ná 30 cm framfyrir vegginn og upp með honum að aftan uppundir jarðvegsyfirborð og skal þjappa vandlega undir hleðsluna. Garðurinn skal vera fjárheldur og því um 100 cm á hæð og honum lokað með 10 cm þykku torflagi. Veggurinn skal hlaðinn úr efninu í leifum af eldri vegg með grasstreng á milli. Úthlið veggjarins skal vera með sama sniði og var í eldri vegg. Í verklýsingu segir einnig að ef þörf sé fyrir viðbótar hleðslugrjót skuli það vera sem líkast því grjóti sem fyrir er í veggnum. Grjótið skal fella saman eins og kostur er án þess að höggva það mikið til og stærð steina skuli ráðast af efninu sem var áður notað. Að lokum segir að 10% flái skuli vera á veggnum og hleðslan jöfn og áferðarfalleg, án gegnumgangandi lóðréttra raufa. Uppúrtekt þurfi ekki að flytja í burtu heldur koma henni fyrir bakvið hleðsluna í kirkjugarðinum. Þá er áréttað að við jarðvegs-skipti undir veggjum skuli farið að með gát því þar undir gætu hugsanlega leynst mannvisaleifar.

Sögustað sómi sýndur

Ákveðið var að byrja norðurhlið garðsins en þar var garðurinn einna heillegastur. Hleðslan var þó illa farin en vel

mótaði fyrir því hvar hún hafði verið og auðvelt að átta sig á hleðslunni og nýta hana sem fyrirmynd fyrir aðra hluta kirkjugarðsveggjanna. Við norðurhliðina kom m.a. í ljós hellulögð stétt í tröðunum sem lágu upp að kirkjunni og var ákveðið að hrófla ekki við henni.

Þegar lokið var við að afmarka kirkjugarðinn á þrjár hliðar var aðeins eftir að afmarka garðinn að vestan sem er framhlið kirkjugarðsins. Var ákveðið að bíða með það þangað til væri búið að flytja kirkjuna á staðinn. Í upphaflegum hugmyndum var um að um framhlið kirkjugarðsins yrði afmörkuð með trérimlagirðingu en eftir miklar vangaveltur var tekin ákvörðum um að hlaða þar upp lágan vegg því það var talið samræmast kirkjunni betur og mundi ekki skyggja á hana. Þá var og lögð stétt úr náttúrusteini að kirkju. Þessum framkvæmdum lauk haustið 2023.

Það er áhrifamikið að koma að Krýsuvíkurkirkju, nú þegar þessu endurreisnarverki kirkju og garðs er lokið. Allir þeir sem hlut eiga að máli eiga heiður skilinn fyrir þetta menningarátak sem minnir okkur á mikilvægi þess að gleyma ekki rótum okkar og sögu. Sögustað hefur verið sómi sýndur.



FRÍMANN & HÁLFDÁN

ÚTFARARÞJÓNUSTA



Frímann
897 2468



Hálfván
898 5765



Ólöf
898 3075



Kristín
699 0512



Sími: 565 9775
www.uth.is
uth@uth.is



Söguskiltunum á Valbjófsstað hefur með afar smekklestum hætti verið komið fyrir í nágrenni kirkjunnar.

Söguskiltin á Valbjófsstað

Fjöldmargir kirkjugarðar á Íslandi eru eðli málsins samkvæmt á mikilvægum sögustöðum en oft fátt þar til staðar sem minnir á þá merku sögu sem þeir geyma. Það var því afar ánægjulegt þegar ráðist var í uppsetningu myndarlegra söguskilta við einn slíkan sögustað, Valbjófsstað í Fljótsdal sem á 12. og 13. öld var aðsetur helstu valdaættar á Austurlandi. Þar fæddist og Gunnar Gunnarsson, einn helsti rithöfundur Íslendinga en nafni hans er nú haldið á lofti á herragarðinum sem hann reisti á Skriðuklaustri í sömu sveit. Segir frá því á öðrum stað í Bautasteini.

Mikilvægur fróðleikur

Við gerð skipulags á umhverfi kirkju og kirkjugarðs á Valbjófsstað árið 1997 var gert ráð fyrir því að þar yrði sett upp söguskilti en ekkert varð úr framkvæmdinni. Hjörleifur Guttormsson, fyrrum ráðherra og náttúrufræðingur tók árið 2019 upp þráðinn og hóf að beita sér fyrir því að útbúið yrði sérstakt sögusvæði með skiltum til kynningar á staðnum. Tók hann saman hnitmiðaðan texta og myndefni á nokkur skilti sem hefur nú verið komið fyrir með smekklestum hætti utan við bílastæðið við kirkjuna á Valbjófsstað. Á skiltunum, sem eru á íslensku og ensku, er



Dæmi um söguskilti þar sem fjallað er um kirkjur og skáld á staðnum.

saga staðarins rakin í stuttu máli, gestum og gangandi til upplýsingar. Fljótsdalshreppur, Kirkjugarðasjóður og sóknarnefnd kirkjunnar skiptu með sér kostnaði af verkefninu.



Skáldið frá Valþjófsstað. Eins og áður sagði fæddist Gunnar Gunnarsson (1889-1975) á Valþjófsstað. Á þessari mynd frá 1937 er Gunnar þriðji frá vinstri ásamt fleira fólki á fæðingarstað sínum Valþjófsstað. Þá var hann þar í heimsókn með áform um að kaupa jörðina Skriðuklaustur sem svo gengu eftir ári síðar.

Stafkirkja í 550 ár!

Á fyrri tíð stóð á Valþjófsstað sögufrægur skáli, klæddur rauðaviði og einnig stafkirkja sem byggð var um 1200 og stóð til ársins 1743 eða í um 550 ár! Fyrir dyrum hennar var hurð með myndskurði sem hefur varðveist, talin lítið yngri en kirkjan, sjálf Valþjófsstaðahurðin, án efa frægasti forngripur Íslendinga.

Núverandi kirkja á Valþjófsstað er frá 1966 en bæði hún og síðasti prestbústaður eru allfjarri þeim stað sem eldri kirkjur stóðu á. Þær voru allt fram til 1888 í kirkjugarði neðan við íbúðarhúsið á Valþjófsstað sem var aflagður árið 1906 en þar er nú tún og bithagi. Sérstök rannsókn með jarðsjá var gerð vorið 2019 sem leiddi í ljós útlínur gamla kirkjugarðsins en úr honum hafa þrjú minningarmörk varðveist og hefur þeim verið komið fyrir á sögu-svæðinu.

Virðingarvert framtak

Eins og áður sagði skortir í dag verulega upp á að gestum og gangandi sé boðið upp á hnitmiðaðan fróðleik um þá merku sögustaði sem víða er að finna á Íslandi. Ekki síst á það við um kirkjur og kirkjugarða sem oft og einatt geyma merka sögu sem mikilvægt er að varðveita og miðla. Framtakið á Valþjófsstað er virðingarvert og verður vonandi fleirum til eftirbreytni.

Bjóðum upp á krossa á leiði

- Trékrossa
- Zinkhúðaða
- Úr ryðfríu stáli
- Áletrum plötur

Eigum margar gerðir af krossum

ÚTFARARÞJÓNUSTA
KIRKJUGARÐA AKUREYRAR
Höfði, v/ Þórunnarstræti - 600 Akureyri
Sími 461 4060 - www.kirkjugardur.is/utka

Þekking og reynsla sótt til Noregs

Sagt frá náms og kynnisferð Kirkjugarðaráðs til Noregs 3.-5. október 2023

Árlega hefur Kirkjugarðaráð farið í skoðunarferð vítt og breytt um landið og hitt heimamenn og skoðað framkvæmdir við kirkjugarða sem er nýlokið, í gangi eða fyrirhugaðar. Árið 2022 var ákveðið að sleppa að fara í skoðunarferð innanlands en í staðinn fara árið 2023 í náms- og kynnisferð til Noregs og kynna sér málefni kirkjugarða, enda eiga Íslendingar og Norðmenn ýmislegt sameiginlegt þegar kemur að sögu, skipulagi og menningu kirkjugarða.

Minningarlundur í Notodden

Það var í byrjun október 2023 sem fulltrúar Kirkjugarðaráðs hélt til Noregs í þriggja daga ferð. Byrjað var á því að heimsækja bæinn Notodden í Þelamörk og þar tók á móti okkur Håvard Russnes, kirkju- og kirkjugarðsvörður. Nýlega er búið endurhanna og stækka kirkjugarðinn í Notodden og útbúa þar minningarlund. Hafa sambærilegir minningarreitir víða verið gerðir í kirkjugörðum í Noregi og eiga með tímanum sjálfsagt eftir að verða útbúnir hér á landi.

Gerðar hafa verið leiðbeiningar um hvernig staðið skuli að gerð svona minningarlunda, bæði fyrir kistu- og duftgrafir.



Fyrsti duftveggurinn í Noregi sem er utandyra er í Notodden. Þar er fjöldi hólfu og í hverju þeirra er rými fyrir allt að fjögur duftker.

Í leiðbeiningunum kemur m.a. fram að minningarlundur er gröf á grasflöt með sameiginlegum minnisvarða þar sem tækifæri gefst til að setja upp nafn og fæðingar- og dánarár þess sem grafinn er. Í svokölluðum minningarlundu sér stjórn kirkjugarðsins um sameiginlega gróðursetningu og minnisvarða þar sem aðstandendur geta lagt blóm og kerti. Í minningarlundu gefst ekki kostur á að setja upp minnismerki á einstaka leiði enda er lundurinn hugsaður fyrir þá sem ekki vilja þurfa að hirða einstaka gröf. Minningarlund skal staðsetja á góðum stað í grafreitnum en ekki á afgangssvæði.

Fyrsti duftveggurinn utandyra

Við endurhönnun kirkjugarðsins í Notodden var komið upp vegg með hólfum þar sem koma má duftkerjum fyrir (kolumbarium). Við eldri norskar bálstofur má finna duftkerbergi, þar sem duftkerjum hefur verið varanlega komið fyrir í hólfum, en þessi duftveggur í Notodden er sá fyrsti sem hefur verið útbúinn utan dyra í Noregi. Í breytingum sem samþykktar voru á norsku kirkjugarðalögum í byrjun árs 2021 var veitt heimild fyrir þessu. Hvert hólf er 39x39x39 sm að stærð og í hverju hólfu er rými fyrir allt að fjögur duftker.



Minningarlundir hafa víða verið settir upp í kirkjugörðum í Noregi. Búast má við að með tímanum verði þeir einnig útbúnir hér á landi.



Fulltrúar Kirkjugarðaráðs og starfsmenn þess ásamt Håvard Russnes, kirkju- og kirkjugarðsverði framan við stærstu stafkirkju Noregs í Heddal.

Deginum í Notodden lauk á því að skoða stærstu stafkirkju Noregs sem er í Heddal og reist var um árið 1200. Er kirkjan umlukin kirkjugarði sem enn er jarðsett í. Fengum við leiðsögn um kirkjuna en í ljós kom að organisti kirkjunnar er íslenskur og spilaði og söng hann nokkur gömul íslensk þjóðlög sem hæfðu vel þessari gömlu sögufrægu kirkju.

Haldið til Tönsberg

Næsta dag var haldið til Tönsberg í heimsókn til yfirstjórnar kirkjugarðamála í Noregi er nefnist „Grafplassmyndiheten i Norge“ og er til húsa hjá Statsforvalteren i Vestfold og Telemark. Á móti okkur tók forstöðumaðurinn, Tove Frösvold en Kirkjugarðaráð hafði sent henni spurningar yfir það sem ráðið vildi fá svör við. Hafði hún útbúið fyrirlestur þar sem hún fór m.a yfir þessar spurningar.

Árið 2021 var lögum í Noregi um kirkjugarða breytt og yfirstjórn kirkjugarðanna sett á einn stað. Um leið fjölgaði starfsmönnum sem eru nú fimm. Áður hafði fagleg ráðgjöf verið á hendi umsjónarmanns kirkjugarða sem í Noregi bar starfsheitið Kirkegårds konsulent og hafði verið svo í

áratugi eins og er hér á landi. Ráðuneytið fór síðan með lagalega þáttinn tengdan kirkjugörðunum en nú er þetta allt komið á einn stað.

Hlutlaust athafnarými

Eftir þessa heimsókn var haldið til bálstofunnar í Vestfold og hún skoðuð. Þaðan var síðan haldið til Porsgrunn þar sem Johannes Sörhaug, formaður Norska grafreitasambandsins tók á móti okkur ásamt Helge Klingberg, prófessor og fyrrverandi umsjónarmanni kirkjugarða í Noregi. Gengu þeir með okkur um kirkjugarðinn og sögðu frá sögu hans og sýndu nýlega stækkun þar sem m.a. hafði verið útbúinn múslimskur grafreitir. Að endingu var skoðað hlutlaust athafnahús sem nýlega hafði verið reist í kirkjugarðinum en það fékk fyrstu verðlaun í samkeppni sem besta hlutlausa athafnarýmið í tengslum við kirkjugarða í Noregi.

Daginn eftir fundaði Kirkjugarðaráð og hélt síðan heim til Íslands eftir velheppnaða ferð og góðar móttökur, reynslunni ríkari og með nýjar hugmyndir í farteskinu. – GRS.

Strandarkirkjustað gert til góða

Viðamiklum endurbótum á nánasta umhverfi Strandarkirkju í Selvogi lýkur í sumarbyrjun en að baki er áralöng vinna við að bæta aðgengi að staðnum. Nú er verið að ganga frá í kringum snyrtingar, sett verður upp lýsing meðfram stígum og komið fyrir söguskilti. Þá er verið að opna nýja heimasíðu fyrir kirkjuna og með því settur punktur aftan við þessar framkvæmdir sem hófust fyrir sex árum.

Síaukinn straumur ferðamanna

Með tilkomu Suðurstrandarvegar á sínum tíma breyttist Selvogur úr fremur afskekktari sveit yfir í svæði þar sem umferð áhugamanna að staðnum óx verulega. Þótti ekki lengur umflúið að fara í framkvæmdir til að koma til móts við aukinn umgang ferðamanna og bæta aðstöðu gesta sem vildu sækja staðinn heim.

Strandarkirkjunefnd, sem fer með umsjón og rekstur staðarins og þá um leið kirkjunnar í samráði við sóknarnefnd, taldi nauðsynlegt að bæta aðgengi að kirkjunni og kirkjugarðinum og ráðast í endurbætur á göngustígum en um leið fegra ásýnd og aðkomu að staðnum. Fór hún þess á leit árið 2017 við framkvæmdastjóra Kirkjugarðaráðs að hann kæmi með hugmyndir að lagfæringum á svæðinu. Í framhaldinu vann hann tillögu að endurskipulagi og gerði um leið kostnaðaráætlun sem Strandarkirkjunefnd samþykkti. Óskaði nefndin eftir því að hann hefði eftirlit með lagfæringunum í samstarfi við staðarhaldara, Guðmund Örn Hansson. Var ákveðið að sækja um styrk til Sveitarfélagsins Ölfuss og Kirkjugarðasjóds. Sveitarfélagið taldi sig ekki geta orðið við þeirri beiðni en Kirkjugarðaráð

veitti styrk úr Kirkjugarðasjóði til að bæta aðgengið að kirkjugarðinum.

Verkinu skipt í fjóra áfanga

Vegna kostnaðar var framkvæmdum skipt upp í fjóra áfanga. Fyrsti áfangi var að breikka og helluleggja stiga að kirkju og kirkjugarði og gera þá hjólastólafæra. Var þessi áfangi boðinn út haustið 2018 og verkið falið lægstbjóðanda, skrudgarðyrjufyrirtækinu Pró-garðar. Í framhaldinu var samið við fyrirtækið að taka að sér hina þrjá áfangana.

Annar áfangi fólst í að bæta aðgengið að styttnni Land-sýn og gera leiðina að henni hjólastólafæra. Jafnframt var endurnýjaður hellulagður stígur að snyrtingum og hann breikkaður. Lauk þessum áfanga 2021. Ráðist var í þriðja áfanga árið 2023 sem fólst í að gera upp snyrtingarnar, sem voru orðnar slitnar enda í mikilli notkun vegna fjölgunar ferðamanna. Var torfþak á þeim endurnýjað svo og allar lagnir og nýrri rotþró komið fyrir. Vegna jarðskjálfta laskaðist vatnsbólið og borhola féll saman og þurfti því að bora nýja holu til að afla vatns. Lauk þessum lagfæringum í fyrra og eins og áður sagði er nú verið að reka endahnúttinn á þessa fegrun umhverfis og aðkomu að Strandarkirkju.

Áheitin á Strandarkirkju

Áheit á kirkjur, helga menn og helga dóma voru mjög algeng í kaþólskum sið. Áheit á Strandarkirkju munu löngum ekki hafa verið meiri en almennt gerðist. Þorláksskrín í Skálholti og Krossinn helgi í Kaldaðarnesi nutu mikillar áheitahelgi umfram aðra helgidóma á Suðurlandi. Eftir siðaskiptin á sextánda öld má segja að áheitatrúna hafi vantað athvarf en fundið sér það í Strandarkirkju.

Strandarkirkja er reisuleg við opið haf. Viðmiklar endurbætur á nánasta umhverfi kirkjunnar eru á lokastigi. Ný heimasíða hennar fer í loftið á næstunni.






Beinn og breiður vegur. Annar áfangi verksins fólst í að bæta aðgengi að styttunni Landsýn og gera leiðina að henni hjólastólaþæra.

Kirkja ein á svörtum sandi

Strönd í Selvogi var stórbýli og höfðingjasetur lengi fram-
an af öldum. Elsta skjalfesta heimild um kirkju á Strönd er
frá því um 1200 en öruggt má samt telja að kirkja hafi risið
þar skömmu eftir kristnitöku. Kirkjan á Strönd var í
kaþólskum sið helguð Maríu guðsmóður og blessuðum
Tómasi Becket, erkibiskupi af Kantaraborg. Kirkja var
einnig á höfuðbólínu í Nesi fram til 1706 og kirkjurnar því
tvær í Selvogi.

Uppblástur og sjávarágangur eyddu landkostum í Selvogi
smám saman og stórbýlið Strönd var komið í eyði um
1700. Kirkjan stóð ein eftir á svörtum sandi við opið haf,
óvarin fyrir veðrum og vindi. Hún hefur verið endurbyggð
nokkrum sinnum á sama grunni. Núverandi kirkja var
upphaflega reist árið 1888. Miklar endurbætur hafa verið
gerðar á henni síðan og hún endurvígð 1968 og 1996. Það
hefur verið trú manna að Strandarkirkja verði vel við
áheitu og sjái alltaf fyrir sér og viðhaldi sínu.




Að beiðni Strandarkirkjunefndar lagði framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs fram hugmyndir að breytingum á aðkomusvæði við kirkjuna sem síðan hefur verið unnið eftir.

Kirkjugarðarnir eru fyrir alla landsmenn

- óháð uppruna þeirra eða trúarbrögðum

Nánar →



Um kirkjugarðaráð

Hefur umsjón með kirkjugörðum landsins.

Heimasíða Kirkjugarðaráðs er efnismikill upplýsingabrunnur um málefni kirkjugarðanna á Íslandi.

Kirkjugarðaráð

Ný heimasíða og merki

Ný og uppfærð heimasíða Kirkjugarðaráðs, kirkjugardarad.is, var sett í loftið 15. ágúst s.l. og um leið var kynnt nýtt merki (lógó) ráðsins en hvort tveggja er unnið af Sindra Guðmundssyni hjá vefstofunni Viska. Á heimasíðunni má finna ýmsar nýtilegar upplýsingar, m.a. um hlutverk ráðsins og skipan, fundargerðir, lög og reglur varðandi kirkjugarða á Íslandi og ýmiss konar annað upplýsingaefni. Þar má og m.a. finna umsóknareyðublað í Kirkjugarðasjóð, ársreikninga sjóðsins, talnaefni um framlag ríkisins til kirkjugarða og ýmsa tengla tengda málefnum kirkjugarða.

Kirkjugarðaráð hefur lengi átt gott samstarf við Kirkjugarðasamband Íslands sem heldur úti heimasíðunni gardur.is en þar má finna ýmsar upplýsingar tengdar



Kirkjugarðaráð

Nýtt merki Kirkjugarðaráðs. Litirnir tákna himinn og jörð og fjölbreytileika þeirra sem hvíla í gördunum.

kirkjugörðum eins og um fjármál þeirra, legstaðaskrár og uppdrætti þar sem auðvelt er að finna hvar í kirkjugarði látnir ástvinir hvíla o.fl.

Nýtt merki

Í tengslum við endurnýjun heimasíðunar var ákveðið að útbúa nýtt merki en lesa má út úr því bókstafinn K ef vel er að gáð. Litirnir í merkinu eiga að tákna fjölbreytileika þeirra sem nýta sér þjónustu kirkjugarðanna og þeirra sem hvíla þar. Kaldir litir í neðri hluta merkisins tákna jörðina en efri hlutinn eru heitir litir og tákna himininn. Fremsti hluti merkisins á að vera tákn fyrir opinn faðm og að allir eigi að vera velkomnir í kirkjugarðinn.

Reikna má með að þróunin hér á landi verði sambærileg og á hinum Norðurlöndunum og að í stað orðins kirkjugarðar verði farið að nota orðið grafreitir. Ef svo fer breytist væntanlega heiti stofnana eins og Kirkjugarðaráðs en nýtt merki sýnir bókstafinn K með vísan til þess heitis. Ef svo færi gæti þó merkið alveg haldið gildi sínu og þá um leið orðið óbein skýrskotun í gamla hugtakið kirkjugarðar enda engin nauðsyn að stroka yfir fortíðina.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

www.utforin.is ♦ Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is ♦ Dofrahellu 9b, Hafnarfirði



Husqvarna - feel the power



Husqvarna 545RX
Sláttuorfi - 3 hestöfl



Husqvarna 535RX
Sláttuorfi - 2,2 hestöfl



Husqvarna Rier RC320TSAWD
Sláttutraktor m/safnkassa - 12,6 kW



Husqvarna Rider 320X AWD
Sláttutraktor - 10,5 kW



Husqvarna Tractor TC238T
Sláttutraktor - 10,1 kW



Husqvarna 550XP MK II
Keðjusög - 4,2 hestöfl



Husqvarna K3600 MK II
Steinsög - Sögunardýpt 27cm



Husqvarna K2500
Steinsög - Sögunardýpt 14,5cm



Husqvarna CEORA 546
Slátturóbot - 50.000m² - 20% halli



Husqvarna AM550 EPOS
Slátturóbot - 10.000m² - 45% halli



Husqvarna AM310 MK II
Slátturóbot - 1000m² - 40% halli



Husqvarna AM415X
Slátturóbot - 1500m² - 40% halli



Husqvarna AM430X
Slátturóbot - 3200m² - 45% halli



Husqvarna AM450X
Slátturóbot - 5000m² - 45% halli



Husqvarna AM305
Slátturóbot - 600m² - 40% halli

Meginmarkmið skógræktar á Íslandi er að byggja upp fjölbreytta skógarauðlind



AVANT®

Avant eru fjölnota liðléttingar frá Finnlandi sem hafa slegið í gegn hér á landi og um allan heim í upphafi voru **Avant** tækin sérstaklega framleidd til að létta mönnum störf í skógrækt. Fjöldmargir bændur og landeigendur stunda skógrækt með góðum árangri með hjálp Avant

Yfir 200 aukahlutir eru í boði á **Avant** og margir sérstaklega fyrir skógrækt

Íslyft reynir alltaf að eiga **Avant** tæki og aukahluti á lager. Hægt er að skoða úrvalið á heimasíðu Íslyft eða hafa samband við sölumenn í síma 514 1600



Íslyft ehf

Vesturvör 32, 200 Kópavogi • Sími 514 1600 • Tölvupóstur islyft@islyft.is